



**Háskólinn
á Akureyri**

Heimanám grunnskólabarna:

Viðhorf foreldra til heimanáms og reynsla þeirra
af heimanámi barna sinna

Díana Erlingsdóttir

**Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2014**

Heimanám grunnskólabarna:
Viðhorf foreldra til heimanáms og reynsla
þeirra af heimanámi barna sinna

Díana Erlingsdóttir

30 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Leiðsögukenndari
Guðmundur Engilbertsson

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2014

Titill: Heimanám grunnskólabarna: Viðhorf foreldra til heimanáms og reynsla þeirra af heimanámi barna sinna
Stuttur titill: Heimanám grunnskólabarna
30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Höfundarréttur © 2014 Díana Erlingsdóttir
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Díana Erlingsdóttir, 2014, meistaraþrófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 87 bls.

Prentun: Stell
Akureyri, júní 2014

Ágrip

Viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar var að fá foreldra til þess að tjá sig um heimanám barna sinna. Skoðað var viðhorf foreldra á samstarfi heimila og skóla og hvort einu tengslin í samstarfinu séu heimanám. Aðferðin við rannsóknina er eigindleg og fólst í rýnihópaviðtölum en þau eru vel til þess fallin að vekja umræðu um heimanám og safna fjölbreyttum gögnum og skoðunum um reynslu og viðhorf foreldra á heimanámi barna þeirra.

Valdir voru foreldrar 16 nemenda í fjórum skólum á mismunandi stöðum á landinu til þess að fá sem víðasta sýn einstaklinga. Sameiginleg upplifun foreldranna er heimanám barna þeirra og það höfundur aðeins annað foreldri hvers barns að koma í viðtöl sem tekin voru upp í heimahúsum.

Meginniðurstöður eru að allir foreldrar upplifi heimanám sem álag en vilji þó hafa eitthvert heimanám en þó aðeins upp að vissu marki. Foreldrarnir eru ekki vissir um tilgang heimanáms en telja að það auki samskipti á milli heimila og skóla. Einn viðmælendanna fjallaði um aðrar leiðir í samstarfi heimila og skóla sem hún hafði kynnst í öðru landi en þar var ekkert heimanám en þó meira samstarf á milli heimila og skóla.

Viðmælendurnir voru flestir sammála því að heimanám truflaði tólmstundir og frítíma barna að mörgu leyti og fannst foreldrum skóladagur barna vera orðinn of langur með heimanámi. Almenn töldu foreldrar að samstarf heimila og skóla væri í góðu lagi en samskiptaleysi einstakra kennara gerði það að verkum að nemendur drógust aftur úr í námi án þess að foreldrar gerðu sér grein fyrir því. Foreldrar finna fyrir auknu álagi sem fylgir heimanámi og geta fjölskylduaðstæður gert það að verkum að nemendur fái ekki þá aðstoð sem þeir þurfa og getur verið mismunun á milli einstaklinganna. Allir viðmælendurnir í rannsókninni voru sammála því að lestur væri undirstaða náms og því mjög mikilvægur í heimanámi barna.

Niðurstöður rannsóknarinnar segja okkur að margir foreldrar í rannsókninni telja að heimanám sé uppistaða að samstarfi heimila og skóla en í raun eru fleiri leiðir í boði sem hægt væri að skoða og innleiða í nútíma skóla.

Abstract

The subject and purpose of this research was to get parents of students in elementary schools to express themselves about their children's homework. The parent's angle on collaboration between schools and homes was viewed and if homework was the only connection linking those two together. The method used was qualitative and consisted of focus group interviews but those are ideal for provoking discussion about homework and gathering diverse information and opinions regarding the experiences parents have with their childrens' homework. The parents of 16 students in four schools, in Iceland, were chosen for this research to get as extensive view as possible. The common experience of these parents was their childrens' homework but author only asked one parent of each child for an interview which always took place in their residences. The main results were that all of said parents experience homework as added stress on both their child and themselves but still want homework up to a certain point. They're not sure about the purpose of homework at some times but still think it creates needed communication between schools and homes. One of the interviewed persons talked about other ways than homework to make collaboration between homes and schools that she'd experienced while living abroad where there was no homework but still a great communication system. The interviewees all agreed that homework disturbed their childrens' hobbies and activities and said that the schoolday was too long with homework included. It was generally considered among the group that school-to-home collaboration was okay at most times but some teachers lacked communication which resulted in worse grades among their children in the courses said techers taught. The group agreed that increased stress followed homework but some domestic circumstances just didn't allow some children to get the much needed assistance from their parents. Everyone in the group agreed that reading is the foundation of all education and is therefore extremely important as homework. These results tell us that parents in general think homework is the foundation of school-to-home collaboration but this research also shows us that there might be other ways to communicate than by homework.

„I leave homework to the last day because I'll be older
and therefore wiser“

-Anonymous.

Formáli

Ritgerðin er rannsóknarverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed. prófs í menntunarfræði við kennaradeild Háskólans á Akureyri árið 2014 og er vægi verkefnisins 30 ECTS einingar. Leiðbeinandi minn var Guðmundur Engilbertsson lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Ritgerðin fjallar um reynslu foreldra af heimanámi barna sinna og upplifun þeirra af samskiptum við kennara og skóla. Heimanám er eitthvað sem allir foreldrar grunnskólabarna þekkja og því ákvað ég að líta á viðhorf þeirra til heimanáms og fá skoðanir foreldranna í formi viðtala.

Ég vil þakka fjölskyldu og vinum fyrir veittan stuðning í námi mínu. En maðurinn minn og börnin mín hafa sýnt mér einstakt umburðalyndi og skilning á meðan ég hef stundað verkefni sem þetta og er ég óendanlega þakklát fyrir. Þetta verkefni hefði aldrei orðið að veruleika nema fyrir stuðning þeirra og þolinmæði.

Foreldrum mínum og tengdforeldrum er ég ævinlega þakklát fyrir að hugsa um börnin mín í fjarveru minni og fyrir ómetanlegan stuðning, hvatningu og aðstoð í öllu mínu námi.

Viðmælendur mínir í rannsókninni fá sérstakar þakkir fyrir sitt innlegg. Kennurum við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri vil ég þakka fyrir góða kennslu og innblástur í námi. Guðmundi Engilbertssyni vil ég þakka innilega fyrir veittan stuðning og vinsemd. Honum kann ég mínar bestu þakkir fyrir gagnlegar ábendingar, aðstoð sem og styðjandi leiðsögn.

Efnisyfirlit

1. Inngangur - Almennar upplýsingar	1
2. Heimanám.....	5
2.1 Hvað er heimanám.....	5
2.2 Hefðbundið og óhefðbundið heimanám	7
2.3 Saga heimanáms	8
2.4 Gildi heimanáms og áhrif þess á daglegt líf.....	11
3. Heimanám og tengsl heimila og skóla – samábyrgð á uppeldi og menntun	15
3.1 Ábyrgð og hlutverk foreldra í heimanámi	17
3.2 Hvernig endurspeglar heimanám hugmyndir um einstaklingsmiðun	19
3.3 Viðhorf til heimanáms og upplifun foreldra/reynsla af heimanámi.....	20
3.4 Stefna skóla, lög, reglugerðir og námskrár	22
4. Rannsókn	23
4.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	23
4.2 Rannsóknaraðferð	23
4.3 Afmörkun og val á þátttakendum	25
4.4 Bakgrunnur	26
4.5 Framkvæmd og greining gagna	28
4.6 Réttmæti og siðferðileg álitamál.....	29
5. Niðurstöður.....	31
5.1 Samstarf heimila og skóla.....	32
5.2 Heimanám og gæðastundir	39
5.3 Tilgangur og umfang heimanáms	41
5.4 Tómsundir og heimanám	46
6. Umræður.....	49

6.1	Helstu niðurstöður.....	49
6.2	Samskipti heimila og skóla	50
6.3	Heimanám og gæðastund	53
6.4	Tilgangur og umfang heimanáms	54
6.5	Tómstundir og heimanám	57
7.	Ályktanir og lokaorð	59
8.	Heimildir	63
	Fylgiskjöl.....	73

1. Inngangur - Almennar upplýsingar

John Dewey sagði eitt sinn að heimurinn væri stöðugt að þróast og breytast þar sem maðurinn þarf stöðugt að takast á við nýjar áskoranir og vera tilbúinn að endurskoða viðhorf sitt út frá eigin reynslu. Hann gagnrýndi „gamla skólann“ þar sem kennarinn og námsbókin væru í forgrunni. Hinn „nýi skóli“ ætti að taka mið af barninu sjálfu, meðfæddum þörfum þess og taka yrði tillit til félagslegs umhverfis þess (Gunnar E. Finnbogason, 2010, bls. 50). Námskerfið hefur í grunninn verið eins upp sett í fjöldamörg ár og því spyr rannsakandi hvort heimanámið, sem hefur verið stór partur af námsgöngu íslenskra barna, sé ekki orðið hluti af „gamla skólanum“. Mikið hefur verið fjallað um þetta af foreldrum, í fjölmiðlum, á netmiðlum o.s.frv. á undanförunum árum og ljóst er að skoðanir eru skiptar um tilgang og nauðsyn heimanáms.

Í tengslum við þetta verkefni ræddi ég við marga foreldra um heimanám og voru skoðanir á því misjafnar en margir hallast þó að því að heimanám sé orðið barn síns tíma. Þó eru einhverjir sem vilja halda heimanámi upp að vissu marki því þeir telja að með því geti þeir fylgst betur með stöðu barna sinna í skóla. En þegar foreldrar vinna fullan vinnudag og hafa fleiri en eitt barn á framfæri sem þurfa að læra heima, eru í tónlistaskóla, íþróttum eða öðrum tómstundum getur verið strembið að finna tíma fyrir heimanámið.

Sjálf á ég þrjú börn og eru þau ólík að eðlisfari og hafa misjafnan áhuga á námi. Því hef ég bæði neikvæða reynslu af heimanámi sem og jákvæða. Stundum hefur það leitt til mikillar togstreitu á heimilinu og uppi stóð óánægt barn sem var ósátt við foreldri sitt og ekkert varð úr heimavinnu. Því spyr maður sig: „Hver er tilgangurinn með heimanámi“?

Í æskuminningu minni sit ég við eldhúsborðið og faðir minn er að hjálpa mér við heimanámið. Það er ekki góð minning en hann var allur af vilja gerður til að aðstoða mig. Ég skildi ekki hans útskýringar og því leið mér illa og úr varð togstreita á milli okkar feðgina. Hann var að reyna að hjálpa mér en ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég fór að eldast og eignast börn sjálf. Í dag 20 árum seinna hefur ekkert breyst hvað varðar heimanám og er ég í sömu

sporum með mín börn og faðir minn var með mig, samt hefur skóladagurinn lengst sem og skólaárið.

Hollande Frakklandsforseti segir að öll börn eigi að fá jöfn tækifæri til náms og vill bæta franska menntakerfið með því að banna heimanám. Hann segir að nemendur ættu frekar að vinna námið í skólanum heldur en heima og ætti það við um alla. Sem rök fyrir afnámi heimanáms er mismunur á milli nemenda vegna misjafnra heimilisaðstæðna hjá hverju barni fyrir sig (Rosenbaum, 2012).

Markmið mitt er að taka viðtöl við foreldra og reyna að fá upplýsingar varðandi heimanám barna, hvort þeim finnst það gera gagn eða ekki. Ég hef verið virk í skólastarfi og hef mikla reynslu af samskiptum við kennara og skólastjórnendur og yfirleitt hefur verið hægt að vinna að þeim markmiðum sem nýtist barninu til góða.

Megintilgangur rannsóknarinnar er að rýna í viðhorf foreldra til heimanáms og athuga raunverulegt gildi þess á 21. öldinni þar sem skóladagurinn hefur lengst svo um munar og fleiri tómsundur eru í boði fyrir börn í dag. Margar spurningar vakna þegar orðið heimanám kemur upp í hugann eins og til dæmis: Hver er tilgangur heimanáms? Gerir það nemendum gott? Er það gæðastund? Er tíma barna betur varið í heimanám eftir skóla en t.d. áhugamál, tómsundur eða hreyfingu? Athygli mín á gildi heimanáms vaknaði þegar umræðu um heimanám sem einn helsta streituvald í lífi barna bar á góma sem og tal lækna um nauðsyn þess að börn leiki sér meira úti frekar en að sitja inni við heimalærdóm eftir langan skóladag.

Í viðtölunum mun ég leitast við að fá svar við rannsóknarspurningunni:

Hver eru viðhorf foreldra grunnskólabarna til heimanáms?

Ég mun taka viðtöl við foreldra grunnskólabarna og skoða reynslu þeirra af heimanámi barnanna. Teknir verða til athugunar fjórir grunnskólar og stefnur skólanna varðandi heimanám skoðaðar ef til staðar eru. Einnig leitast ég við að ná fram ítarlegum skoðunum foreldra svo hægt verði að fá sem marktækastar niðurstöður varðandi reynslu þeirra.

Markmið mitt er að skoða sýn foreldra á heimanám barna sinna, hvernig foreldrar eru í stakk búnir til að aðstoða börn sín og hvort staða fjölskyldunnar skiptir máli. Stór hluti þjóðarinnar eru foreldrar sem vinna mikið úti, eru einstæðir, eiga mörg börn í skóla eða hafa litla þekkingu á námi

barna sinna og eiga því í miklum vandræðum með að aðstoða þau. Foreldrar er yfirleitt allir af vilja gerðir til þess að aðstoða börn sín en þrátt fyrir góðan vilja getur það reynst þeim erfitt (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 24).

Kaflar skiptast í þætti tengda heimanámi en ritgerðin skiptist í sjö meginkafla. Undir þeim eru svo nokkrir undirkaflar auk ágríps, formála, efnisyfirlits, heimildaskrár og fylgiskjala. Fyrsti kafli er inngangur, í öðrum kafla er fjallað um hvað heimanám sé, saga heimanáms og almennt um heimanám og sá þriðji er um heimanám og tengsl heimila og skóla, ábyrgð, hefðir, viðhorf, stefnur, lög og reglugerðir. Í fjórða kafla eru rannsókninni gerð skil og markmið hennar kemur fram, viðtöl og aðferðir við gagnaöflun sem og réttmæti og siðferði. Niðurstöður eru raktar í fimmta kafla auk þemanna sem fram komu í viðtölum og í sjötta kafla koma fram umræður sem tengjast viðtölunum og rökstuðningur þeirra með fræðunum. Í sjöunda kafla eru svo ályktanir og lokaorð.

2. Heimanám

Í kaflanum er fjallað um heimanám barna í grunnskóla og forsendu heimanáms á 21. öldinni þar sem skólaganga nemenda hefur meðal annars lengst svo um munar. Skoðaðir eru þættir er varða heimanám þar sem breytingar á skólastarfi eru miklar og eru hvorki skólinn né heimanámið eins og fyrir nokkrum árum eða áratugum. Margir fræðimenn hafa skoðað heimanám nemenda og hvaða áhrif það hefur á nám, foreldra og börn.

2.1 Hvað er heimanám

Samkvæmt íslenskri orðabók er skilgreining heimanáms „nám sem fram fer í heimahúsum“ (Mörður Árnason, 2005, bls. 560). Þekktasta fræðilega skilgreiningin á heimanámi vísar til verkefna sem kennarar setja nemendum fyrir til að vinna að kennslu lokinni hvort sem það er gert heima eða í skólanum (Cooper, 2007, bls. 4). Miðað við fyrri skilgreininguna er heimanám frekar gagnsætt orð. Það vísar til *náms* sem fer fram *heima*. Seinni skilgreiningin er ekki eins gagnsæ, vísar allt eins til *vinnu* og *náms* sem þarf aukinheldur ekki að fara fram *heima*. Orðin heimanám og heimavinna eru greinilega samofin og oft notuð jöfnum höndum. Hvorug skilgreininganna gefur skýra hugmynd um hvers konar nám eða vinnu er átt við. Sama á við um frekar óljósan tilgang heimanáms, en þó er gjarnan horft til heimavinnu sem undirbúning fyrir frekara nám, æfingu í því sem nemendur hafa þegar lært, lið í að efla sjálfstæði nemenda í námi og taka ábyrgð á því en auk þess virðist horft á heimanám sem leið til að efla samstarf og samskipti milli heimila og skóla (Burden og Byrd, 2013, bls. 140–141; Kilpatrick, Swafford og Findell, 2001, bls. 352–353).

Cooper skipti heimanámi eftir tilgangi í fjóra meginþætti: *Æfingu og endurtekningu, fyrirmæli og samþætta hæfni*. Við *æfingu* og *endurtekningu* nýta nemendur sér þann lærdóm sem þegar hefur verið lagður fyrir í kennslustund. Í *undirbúningi* aðstoðar kennarinn nemendur við að undirbúa sig og hjálpar þeim að fá sem mest út úr náminu sem lagt var fyrir en þá

skiptir undirbúningur kennarans einnig miklu. *Fyrirmæli* er þegar heimanám er lagt fyrir og markmiðið er að nemandi geti flutt áður fengna þekkingu yfir á nýjar aðstæður með fyrirmælum frá kennara. *Samþætt hæfni* er þegar komið er að samþættingu. Gert er ráð fyrir að nemandi geti yfirfært lærða hæfni sína og hugtök yfir á lærdóm sinn (Burden og Byrd, 2013, bls. 140; Cooper, 2001, bls. 3–5).

Epstein (2001) segir að heimanám búi nemendur undir kennslustundir, viðhaldi áunninni leikni nemenda og tryggi að verkefnavinnu sem hefjist í skóla ljúki. Hún telur heimanám mikilvægan lið í að efla ábyrgð nemenda á eigin námi, fá þá til að temja sér gott skipulag og þrautseigju og efli auk þess sjálfstraust nemenda. Þá gefi heimanám tækifæri til að huga að ýmiss konar færni og þáttum sem ekki er lögð áhersla á í skólanum sjálfum. Epstein vísar einnig að gildi heimanáms fyrir samstarf heimilis og skóla, heimanám auki vitund foreldra um nám barna sinna, gefi þeim tækifæri og hvatningu til að styðja við námið, stuðli að samræðu foreldra og barns um námið og vitund um mikilvægi náms og skólastarfs. Hún telur að heimanám efli samskipti milli heimilis og skóla og auki innsýn foreldra í námskrá og starfsemi skólans, helstu viðfangsefni, námsverkefni og hvernig nemendum gengur í skólanum.

Umræða hefur skapast hjá rannsakendum, skólastjórnendum, kennurum, foreldrum og nemendum um gagnsemi heimanáms þar sem heimanám hefur verið talið mikilvægur hluti kennslu (Voorhees, 2011, bls. 363) og ætti heimanám því að byggjast á sam hjálp foreldra og barna þar sem heimanám er eins konar viðbótarnám við fasta sundaskrá. Foreldrar fá því betra tækifæri til þess að fylgjast með börnum sínum og námsframvindu þeirra (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 104).

Flestir foreldrar og kennarar hafa alist upp við að heimanám sé hluti af námi þeirra. Í mörgum tilvikum var þá minna um frístundir, skólinn var oft aðeins annaðhvort fyrir eða eftir hádegi, skólatíminn styttri og foreldri, yfirleitt móðir, gjarnan heima þegar barn kom heim úr skóla (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 123). Sumir telja að heimavinna sé mikilvæg svo nemendur læri sjálfstætt og noti réttar aðferðir upp á eigin spýtur en mörg heimaverkefni kalla á aðstoð frá foreldrum eða forráðamönnum (Burden og Byrd, 2013, bls. 140–141; Kilpatrick, Swafford og Findell, 2001, bls. 352–353). Heimanámið sem við þekkjum í dag er hluti af hefð og er vert að íhuga

tilgang þess og ávinning (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 127) ekki síst þegar aðstæður hafa breyst til muna, skóladagur er lengri og samfélagsgerðin hefur breyst.

Einn af fjölmörgum áhrifavöldum í lífi nemenda er skólinn þar sem hann býr nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Því þarf skólinn að bera ábyrgð á þroska nemenda svo hann fái endurgjöf frá nemendum, foreldrum og öðrum aðilum er tengjast skólanum beint eða óbeint (Rúnar Sigþórsson o.fl. 2005, bls. 61).

2.2 Hefðbundið og óhefðbundið heimanám

Heimanám getur verið það sem barninu er sett fyrir í skólanum og hins vegar heimanám sem barnið lærir á heimilinu sjálfu. Dæmi um óhefðbundið heimanám er það sem barnið lærir á heimilinu sjálfu og fer mikið fram utan skólans. Undirbúningur fyrir lífið er heimavinna í sjálfu sér og eru ýmis tengsl þar eins og til dæmis siðfræðileg gildi, skilningur á þjóðfélaginu og að takast á við daglegar þarfir, nauðsynjar og fleira. Sú kunnátta og færni sem einstaklingurinn tileinkar sér ævilangt hefur mikið að segja hvað varðar framtíð hans (Áslaug Brynjólfsdóttir, 2007, bls. 107–109).

Ingvar Sigurgeirsson (1999, bls. 70) segir að hefðbundið heimanám byggir að miklu leyti á þulunámi og þjálfunaræfingum þar sem meginmarkmiðið er að kanna þekkingu nemenda og festa hana í minni, þjálfaleikni og efla færni á ákveðnum sviðum.

Þegar talað er um hefðbundið heimanám þá felst það í rauninni í því að aðstoða nemendur í að þjálfa þá færni sem þeir lærðu í kennslustund ásamt því að vinna að verkefnum sem unnin eru í vinnubókum eða byggð á vinnubókum. Þegar hefðbundið heimanám er sett fyrir er mikilvægt að börn, foreldrar og kennarar skilji tilgang þess svo tilætluðum árangri verði náð. Við upphaf skólaárs væri gott að búa til lista yfir þau markmið sem heimanáminu er ætlað að ná og halda skipulagðri skráningu heimanáms. Kennarar ættu að fá foreldra til aðstoðar við skráninguna þannig að auðveldara verði fyrir alla að fylgjast með og þannig geta foreldrar hjálpað börnum sínum við námið (Nelsen, o.fl. 1996, bls. 199–201).

Talið er að hefðbundið heimanám geri það að verkum að nemendur temji sér sjálfsaga, skipulagningu, ákveðni sem og þrautseigju þar sem þeir læra að

klára verkefni til fulls. Ef nemandi kemur ólærður í skólann eða skilar ekki verkefni á réttum tíma ætti kennari að vera meðvitaður um tilgang heimanáms og geta brugðist rétt við aðstæðum en ekki refsað (Nelsen, o.fl. 1996, bls. 197–200).

Óhefðbundið heimanám fer óhefðbundnar leiðir hvað varðar verkefnavinnu eftir að skóladegi líkur og byggist það á sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun. Óhefðbundið heimanám getur verið breytilegt og á marga vegu eins og til dæmis ef kennari biður nemanda að skipuleggja samverustund með fjölskyldu sinni. Ef nemendur skilja ekki hvað þeir eiga að gera eða skilja ekki verkefni sem sett eru fyrir þá gæti verið erfiðara fyrir þá að vinna á eigin vegum. Stundum getur heimanám jafnvel eyðilagt gæðastundir með fjölskyldunni og minnkað sjálfstraust nemandans. Þegar foreldrar vinna verkefni með börnum sínum getur það leitt til þess að foreldrarnir vinni þau, nemendur skilja ekki verkefni en fá hrós fyrir verkefni sem þeir eiga ekki skilið. Því er mikilvægt að gera raunæfar kröfur til nemenda svo þeir geti klárað heimanámið sjálfir. Þegar um óhefðbundið heimanám er að ræða er meiri möguleiki á því að börnin læri hluti eins og að fylgja áætlun, skipuleggja tíma og taka ákvarðanir (Nelsen, o.fl., 1996, bls. 195–197).

Heimilisaðstæður geta verið misjafnar og fjölskylduaðstæður breytilegar, margir búa við lítinn menningar- og menntunargrunn, sumir eru nýbúar og eiga erfitt með málið en einnig geta félagslegar og efnahagslegar ástæður valdið því að börn sitji ekki við sama borð hvað varðar nám og aðstoð frá fullorðnum. Heimanám getur því haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á fjölskyldur og samskipti á milli barna og foreldra. Því er mikilvægt að kennarar taki tillit til þeirra aðstæðna sem nemendur búa við, fylgist með og byggi heimanámið þannig upp að hver og einn fái notið sín í námi. Hvað varðar óhefðbundið heimanám þá gæti verið auðveldara fyrir nemendur að ákveða sjálfir hvort, hvenær og hvernig þeir ljúki verkefnunum (Cooper, 2001, bls. xi).

2.3 Saga heimanáms

Miklar breytingar hafa orðið í skólum sem og í skólustarfi frá því sem var. Sem dæmi má nefna skólagöngu barna í kringum 1900 en þá bar foreldrum

eða húsbændum skylda til þess að annast kennslu barna sinna, einkum í lestri og kristindómi áður en skólahald hófst. Almenningsfræðsla á Íslandi fór lengi fram undir eftirliti presta og fulltrúa kirkjunnar en fyrstu lögin um fræðslu barna voru sett árið 1907. Nemendur byrjuðu í skóla um tíu ára aldur og var fyrsta skólaárið í kringum sex mánuði. Í sveitum og bæjum landsins þar sem farkennsla var ríkjandi var heimanám á ábyrgð foreldra. Öll börn í dag eru skólaskyld frá sex til sextán ára aldurs en byrja yfirleitt í leikskóla um tveggja ára aldur. Stór hluti fólks á aldrinum sextán til nítján ára er í framhaldsskóla (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 284–285, 314–315).

Áður fyrr samanstóð kennslan aðallega af lestri, ritun og stærðfræði þar sem einföld verkefni voru lögð fyrir og áttu nemendur að æfa sig heima í því sem þau höfðu lært í skólanum. Þá héldu menn að slík æfing myndi efla hugann. Yfirleitt hafa heimaverkefni verið litin jákvæðum augum og sem hluti af venjum í samfélaginu en menning okkar, skólar og fjölskyldur hafa breyst en jafnframt hefur heimaverkefnum fjölgað. Til eru mörg ráð fyrir foreldra að aðstoða börn sín við heimavinnuna en stundum virðist tíminn ekki nægur. Margir kennarar virðast hræddir við að hætta með heimavinnu því þeir telja að námið verði of auðvelt eða að foreldrar fari að gera meiri kröfur til þeirra hvað varðar nám barna (Vatterott, 2009, bls. 1).

Árið 1900 gagnrýndi ritstjóri *Ladies Home Journal*, sem var þekkt tímarit, þá áherslu sem lögð var á heimanám í bandarískum skólum og mælti með því að heimanám skyldi afnumið fyrir nemendur yngri en 15 ára. Gagnrýni á heimanám jókst jafnt og þétt næstu árin og árið 1930 var heimanám í sumum skólahverfum í Bandaríkjunum afnumið, sérstaklega meðal yngri nemenda (Gill og Schlossman, 2000, bls. 32).

Þegar Sovétríkin hófu að senda gervihnött út í geim árið 1957 urðu Bandaríkjamenn hræddir um að börn þeirra lærðu ekki nóg og gætu því ekki keppt við Rússa í framtíð sem einkennast myndi af tækni. Þetta leiddi til þess að skólayfirvöld, kennarar og foreldrar vildu hraða þekkingu barna og þar af leiðandi jókst heimavinna. Hún varð því að eins konar verkfæri í stefnu landsins til að ná aftur því forskoti sem Bandaríkin höfðu áður haft. Þeir voru að tapa kalda stríðinu og rússnesk börn náðu meiri árangri í skóla svo Bandaríkjamenn bundu vonir við þessa aðferð til að ná forskotinu aftur (Gill og Schlossman, 2004, bls. 176).

Á seinni hluta sjöunda áratugarins og á þeim áttunda voru foreldrar aftur farnir að deila um að börn, líkt og fullorðnir, ættu rétt á kvöldi án vinnu og að

heimavinna yrði minnkuð. Á fyrri hluta níunda áratugarins fór fólk að leita að blóraböggli fyrir hruni hagkerfisins og árið 1983 gaf Menntamálaráðuneyti Bandaríkjanna út *A nation at risk*, skýrslu sem benti á skólana og sagði að léleg menntun væri rótin að efnahagsvanda landsins. Skýrslan kallaði sérstaklega á „mun meira heimanám“ og því var haldið að fólki að lykillinn að endurheimt forskotsins í hagkerfi heimsins væru dagleg heimaverkefni barna þeirra (Bennett og Kalish, 2007, bls. 36–39).

Í kringum 1970 var fjallað um byltingarkennda kennslu þar sem ráðist var á hefðbundnar aðferðir menntastofnana og nýrri umræðu komið af stað um heimanám og aðra fræðslu. Í henni var talið að heimanám einkenndist af of miklu álagi á nemendur og að það myndi ryðja burt öllu félagslífi, útivist og skapandi starfi nemenda. Einnig að heimanám kæmi ekki til móts við grunnþarfir barna og unglunga þar sem þau þyrftu meiri tíma fyrir svefn. Almenn er mælt með því að í upphafi skólagöngu eigi börn ekki að gera heimavinnu sem sérstaklega er úthlutað af kennurum og að heimavinna ætti ekki að taka meira en klukkutíma á dag á efri stigum grunnskóla (Cooper, 1989, bls. 85; Vatterott, 2009, bls. 6).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá 1999 og 2006 er talað um þátttöku foreldra í skólastarfi og heimanámi. Skóli, fjölskylda og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins. Gagnkvæm virðing og virk upplýsingagjöf stuðli að auknu trausti og leiði til aukinna kynna á starfi skóla í tengslum við til dæmis heimanám (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 1999, bls. 26 og 45; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2006, bls. 21).

Nokkrar breytingar hafa orðið frá þessum námskrám en samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* 2013 eiga foreldrar og skólinn að bera ábyrgð á því heimanámi sem þeir hafa orðið ásáttir um með velferð barnsins að leiðarljósi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 72).

Árið 2007 var gerð könnun í Kanada sem sýndi að heimanám olli mikilli streitu á heimilum og að áhugi barna á námi minnkaði eftir því sem þau urðu eldri. Í lok áttunda áratugarins virtist umfjöllun um heimanám aftur farin að aukast í tengslum við alþjóðleg efnahagsmál og komu út nokkur rit þar sem Alfie Kohn, Sarah Bennett og Nancy Kalish sögðu frá efasemdum sínum er varða gildi heimanáms. Einnig hafa fræðimenn í Bretlandi og Ástralíu endurskoðað starfshætti skóla sinna varðandi heimanám og gerðu könnun þess efnis hvort heimanám þrói kvíða á meðal nemenda. Rannsóknin sýndi að foreldrum fannst heimanám nauðsynlegt upp að vissu marki en jafnframt yki

það á stress barna þeirra (Kralovec, 2007; Canadian council of learning, 2009, bls. 4).

Finnar hafa dregið verulega úr heimanámi en þó náð framúrskarandi árangri á alþjóðlegum vettvangi hvað varðar námslega getu. Menntastefnan í Finnlandi byggist á þeirri hugmynd að börn eigi að fá tíma til þess að vera börn og leika úti en ekki þurfa að sitja yfir heimanámi svo klukkustundum saman (Phetdee, 2009).

Í sumum samfélögum ríkti sátt á síðustu tveimur áratugum 20. aldarinnar um að takmarka heimavinnu þar sem foreldrum fannst heimavinnan trufla heimilislífið of mikið. Í Kanada kom fram tillaga þess efnis, árið 2006, að banna heimavinnu alveg eða takmarka hana upp að vissu marki (Kralovec, 2007). Opinberlega hefur heimanám verið bannað í Frakklandi síðan 1956 en margir kennarar hunsa það og senda nemendur heim með verkefni. Forseti franskra foreldrafélaga spyr hvernig hægt sé fyrir börn að klára verkefni heima og ná árangri ef þau ná ekki að klára þau í skólanum. Í rauninni er verið að biðja foreldra að vinna vinnuna sem ætti að vera unnin í kennslustundum og virðist sem kennarar séu að leggja of mikinn þrýsting á nemendur með heimanámi (Willisher, 2012).

Í deilunni um heimanám á 20. öld erum við enn óviss um hvert hlutverk heimanáms er. Eftir því sem umfjöllun um heimanám verður meiri, hvað varðar hlutverk hennar í lífi nemenda, því opnara verður skólasamfélagið í átt að nýjum og árangursríkari hugmyndum (Kralovec, 2007).

2.4 Gildi heimanáms og áhrif þess á daglegt líf

Það er margt sem þarf að huga að varðandi heimavinnu og hversu mikilli heimavinnu skuli úthlutað. Sumir hafa mælt með því að frekar eigi að takmarka tíma heldur en magn heimavinnu. Því er vandmeðfarið hversu miklu skuli úthluta nemendum af viðbættu námi við kennslu í kennslustofu (Burden og Byrd, 2013, bls. 140–141; Brock o.fl., 2007, bls. 354; Kilpatrick, Swafford og Findell, 2001, bls. 352 – 353). Börn eru í skólanum allan fyrri part dags, hafa mismunandi kennara í hverju fagi þar sem hver og einn leggur fyrir heimanám og þurfa því oftast en ekki að taka námið með sér heim. Vinnuvika nemenda getur því orðið lengri en hjá fullorðnu fólki, sérstaklega ef börnin þurfa til dæmis að ferðast langa leið í og úr skóla með skólabíl,

stunda íþróttir eða aðrar tómstundir með skóla auk þess sem þau þurfa þá að bera með sér þungar skólatöskur (Bennet og Kalish, 2006, bls. 15–16). Heimanám ætti því ekki að vera sett fyrir nema í þeim tilvikum sem það er nauðsynlegt (Kohn, 2006b).

Einnig má velta fyrir sér hvort skipulögð dagskrá, skóli, tómstundir og vinna, sé ekki nokkuð löng hjá allstórum hópi nemenda. Þetta merkir að þeir eru komnir í þá stöðu sem margir fullorðnir finna fyrir, að nánast allur þeirra tími er skipulagður og lítill tími eftir til að njóta frístunda (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2009).

Framsæknir kennslufræðingar eins og John Dewey og Calvin S. Hall víkkuðu umræðu um heimanám og fjölluðu meðal annars um gildi leiks og frítíma nemenda. Þeir höfðu jafnframt áhyggjur af því að heimanám væri innrás í fjölskyldulíf fólks (Kralovec, 2007).

Kohn hefur fjallað um áhrif heimanáms á nemendur og foreldra en það virðist geta haft neikvæð áhrif á báða aðila. Heimanám getur aukið streitu hjá börnum vegna álags og þar af leiðandi verða samskipti oft neikvæð á milli foreldra og barna. Hann segir einnig, sem dæmi, að þegar háskólanemar þurfi að vinna mikið af verkefnum heima finni þeir fyrir kvíða, angist, þunglyndi og öðrum neikvæðum streitueinkennum sem börn sýna frekar með gráti og gnístran tanna (Kohn, 2006a, bls. 10–11).

Þegar barn er að vinna ákveðin verkefni er mikilvægt að tímarammi sé skýr. Þar má nefna heimanámið en það er kjörið dæmi um verk sem gott er að setja niður í skýran tímaramma sem fylgja skal eftir að fullu (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls. 176–177). Forðast ber óþarfa álag og streitu sem fylgt geti of miklu eða of erfiðu heimanámi. Þeir sem aðhyllast ekki heimám telja að um of marga neikvæða þætti sé að ræða sem valdi togstreitu á heimilum. Þeir nefna í því sambandi árekstra milli foreldra og barna, stéttaskiptingu og að ekki hafi öll börn sömu tækifæri né aðgang að aðstoð í námi (Good og Brophy, 2008, bls. 393).

Fyrir um hundrað árum fjölluðu læknar um að börn ættu að leika sér úti í minnst fimm klukkustundir á dag til þess að fá frískt loft. Í dag benda sífelld fleiri barnalæknar kennurum á að heimanám trufla útiveru barna. Þeir segja að börn, og þá sérstaklega börn greind með ADHD, þurfi að fara meira út svo þau þurfi síður að taka lyf og aukist þar með líkur á að nemendur sitji kyrrir og geti einbeitt sér. Augnþreyta og skortur á svefni er algengur fylgifiskur mikils náms og heimanáms og telja læknar að heimanám dragi jafnframt úr

mikilvægum tækifærum barna til félagslegra samskipta (Bennett og Kalish, 2006, bls. 35; Vatterott, 2009, bls. 4).

Heimanám sem hefur þann tilgang að þjálf, æfa, þróa og undirbúa nemendur í námi, stuðla að samræðu nemenda og foreldra um nám og bæta samskipti hefur að mati Good og Brophy (2008, bls. 329) gildi á meðan þeim finnst óviðeigandi að nota heimanám sem refsingu á einhvern hátt.

Vinna sem unnin er í ótta getur aldrei orðið gæðavinna. Um leið og breytingar eiga sér stað í skólum þurfum við nýja tegund af bekkjarstjórn og verðum við smám saman að hætta að beita gömlu aðferðunum sem valda nemendum óþægindum og fara yfir aðferðir sem byggjast á að skapa skilyrði fyrir þá til að leysa vanda og byggja sig upp (Gossen, 2007, bls. 23 – 24).

Að loknum skóladegi er mikilvægt að skoða hversu mikið af náminu nemendur þurfi að taka með sér heim og ættu foreldrar og skóli að aðstoða nemendur við það. Vert er að velta því fyrir sér hvort heimanámið sé ekki lengur nám til að bæta upp skamman skóladaðag fyrri tíma heldur að koma heim með óunnin verkefni sem þarf að sinna innan hvíldartímans. Í nútímasamfélagi sem einkennist af hraða og streitu er hollara að allir eigi möguleika á hvíldartíma. Hugleiða má hvernig heimanám getur leitt til aðstöðumunar barna þar sem námsefnið er stundum með þeim hætti að það krefjist langskólamenntunar foreldra til þess að skilja leiðbeiningarnar. Þótt barnið búi við ástríki, fái hvatningu og uppeldi til fyrirmyndar er ekki þar með sagt að allir geti aðstoðað börn sín (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls. 176–177). Það ætti því að vera hlutverk skólans að hvetja og veita foreldrum aðstoð við nám barna þeirra. Þar af leiðandi er mikilvægt að kennarar komi til móts við foreldra og lagi heimanámið að aðstæðum hvers heimilis fyrir sig (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006). Því er mikilvægt að gott eftirlit sé frá skólanum þegar um heimanám er að ræða svo að sem bestur árangur náist hjá nemendum (Hattie, 2012, bls. 235).

Aðstoð við heimanám er mismunandi á milli heimila og gæti það því skapað meiri togstreitu á milli foreldra og barna, gæðastundum jafnvel fækkað og vanlíðan barna aukist þar sem heimanámið er í höndum foreldra og forráðamanna (Sigurður Hólm Gunnarsson, 2013).

Hollande Frakklandsforseti segir að heimanám sé ekki sanngjarnt gagnvart mörgum börnum þar sem sum börn fá hjálp frá foreldrum sínum en ekki þau sem verr standa heima fyrir og því valdi þetta mismunun meðal nemenda. Hann hefur tjáð sig um að hann vilji banna heimanám. Fyrir

Frakkland er þetta mjög byltingarkennd hugmynd sem mun kollvarpa meira en aldargamalli hefð sem ríkt hefur í skólum. Í kjölfarið mun Hollande lofa að bæta við öðrum skóladegi á miðvikudögum sem áður var ekki en á móti munu skóladagar stytta. Dagur skólabarna er of troðinn samkvæmt Hollande og er verið að leggja með þessu meiri áherslu á að börn afkasti meira í frítíma sínum. Skóladagurinn í Frakklandi hefur verið frá 8:30 til 16:30 fjóra daga vikunnar, meira að segja hjá þeim yngstu líka. Margir foreldrar eru hræddir við þessar breytingar því nú þurfi að skipuleggja meira fyrir börnin eftir skóla á meðan foreldrar vinni úti og það kostar peninga. Sagt er frá því að franska skólakerfið sé gamaldags og lögð er gríðarlega mikil áhersla á óslitna athygli kennara þar sem nemendur verða þreyttir og leiðir þegar líður á daginn og er þá athyglin horfin (Watson, 2012).

3. Heimanám og tengsl heimila og skóla – samábyrgð á uppeldi og menntun

Foreldrar eru sérfræðingar og liðsmenn í þekkingu og menntun barna sinna og því er skilningur skólans til foreldra mikilvægur. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum en kennarar þurfa að fylgjast með og bera ábyrgð á nemendum sínum. Það eru ýmis sjónarhorn sem vert er að skoða þegar fjallað er um samskipti heimila og skóla. Foreldrasamstarf er til þess að koma á samskiptum milli foreldra og skólans en bæði þurfa að vinna sem lið svo það komi barninu til góða (Olsen og Fuller, 2008, bls. 11).

Forsenda þess að sem bestur árangur á samstarfi heimila og skóla náist er að skólinn og foreldrar vinni sameiginlega að því að búa barn undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi (Rósa Eggertsdóttir o.fl., 2002, bls. 25–27). Farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar, beri ábyrgð á og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi allt frá upphafi grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 45).

Margar leiðir eru að bættu samstarfi heimila og skóla en mikilvægt þykir að skólinn aðstoði foreldra við uppeldi barna og stuðli að andlegu og líkamlegu heilbrigði og öryggi barnanna. Þátttaka foreldra í námi hefur mikið að segja og þegar foreldrar geta unnið sjálfboðastarf innan veggja skólans eykst þekking þeirra og gagnkvæmur skilningur til skólans og kennara. Stuðningur við tólmstunda- og menningarlíf barna, miðlun og þátttaka í bættum aðbúnaði skóla er grundvöllur að góðu samstarfi (Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, 2003, bls. 142–151).

Það er mikilvægt að foreldrar og samfélagið allt sýni jákvætt viðhorf til skólastarfs. Samvinna og traust á milli heimilis og skóla, gagnkvæm virðing fyrir verkefnum hvors annars, heiðarleg samskipti og hjálpsemi eru hornsteinn fyrir velgengni barnanna (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls. 28–29).

Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverki og býður fram menntunartækifæri. Velferð nemenda sem og menntun er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og

upplýsingamiðlun beggja aðila og mikilvægt er að halda utan um hvern einstakling, nám hans og velferð (Mennta-og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 71).

Jafnframt ætti skólinn að gera ráð fyrir því að ekki séu allir foreldrar í stakk búnir til þess að aðstoða börn sín við heimanám né geta tekið þátt í sjálfboðastörfum á vegum skólans. Því er vert að huga að því hvernig skólinn ætli að standa að samstarfi við foreldra og mæta þeim ögrunum sem augljósar þykja í skólasamstarfi (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006).

Það getur haft ýmiss konar áhrif þegar foreldrar fara að taka þátt í kennslu. Í rannsókn þar sem athugað var hvort foreldrar vildu stuðning í foreldrahlutverkinu kom í ljós að meiri hlutinn sagðist vilja stuðning við uppeldi barna með fræðslu, siðferðilegum gildum og þjálfun í samskipta- og félagsfærni auk þekkingarfræðslu. Það er mikilvægt að styrkja það samfélagslega net sem umlykur barnið á ólíkum sviðum með því að efla samvinnu milli heimila og skóla og stofnana samfélagsins (Birna María Svanbjörnsdóttir, 2007).

Foreldrar eru stundum áhyggjufullir yfir því að geta ekki aðstoðað börn sín við heimanámið og finnst þeim vera ógnað. Námsfernið er mikið breytt og mörg ár síðan foreldrarnir voru á sama aldri og börn þeirra. Foreldrar áttu jafnvel erfitt í sömu fögum í skóla, hafa gleymt aðferðum eða jafnvel kunna ekki það sem börn þeirra eru að gera (Olsen og Fuller, 2008, bls. 118).

Sífelld fleiri rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í sjálfu menntakerfinu, bæði á heimilinu og í skólanum hefur jákvæð áhrif á námsárangur og þroska nemenda. Bent hefur verið á að lög og reglugerðir um skólamál endurspeglir ríkjandi viðhorf og skoðanir á hlutverki og ábyrgð menntastofnana í tengslum við skjólstæðinga sína. Gagnkvæm virðing, traust og samábyrgð skal ríkja á milli beggja aðila og ljóst þykir að ef skólinn á að sinna lagalegum og siðferðilegum skyldum sínum verða kennarar og skólastjórnendur að leggja rækt við samskipti heimilis og skóla á breiðum grunni (Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, 2003, bls. 138–139).

Það er mikilvægt þegar nemendur læra heima að þeir fái endurgjöf á námi sínu. Það gefur jákvæðari mynd af heimanámi, veitir nemendum meiri möguleika á námi og fyllir nemendur af innblæstri. Kennarar gætu jafnvel lært af því að fara yfir verkefni nemenda. Það er því betra að senda nemendur heim með færri verkefni og hafa tíma til þess að gefa umsögn heldur en að senda heim of mikið af verkefnum og hafa ekki tíma til þess að fara yfir, sbr. gæði fram yfir magn (Choen, Manion og Morrison, 2005, bls. 225).

3.1 Ábyrgð og hlutverk foreldra í heimanámi

Það er frekar óljóst hvert hlutverk skólaforeldra og kennara er því stundum virðist sem boltanum sé kastað á milli þeirra. Kröfur samfélagsins og yfirvalda um að skólinn bjargi heilsu og siðferði æskunnar gera það að verkum að foreldrar verði óruggir um hvert hlutverk þeirra sé (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 73).

Fjölskyldur eru misjafnar með mismunandi bakgrunn sem getur haft áhrif á barnið og heimanám þess, einnig getur viðhorf foreldra til skóla verið misjafnt. Fjölskyldur geta verið blandaðar, foreldrar einstæðir, stjúpfórelrar til staðar og svo mætti lengi telja. Því er mikilvægt að samstarf innan fjölskyldna og við skóla sé gott og að allir vinni að sameiginlegu markmiði með barnið í fyrirrúmi (Olsen og Fuller, 2008, bls. 29; Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005, bls. 60).

Foreldrum er annt um að börn sín taki framförum í námi og því er eðlilegt að þeir leggi áherslu á að fylgjast með skólagöngu þeirra og hafa áhrif á vinnubrögð skólans (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005, bls. 60). Gert er ráð fyrir því að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna. Því má líta svo á að kennarar hafi rétt til þess að ráðstafa hluta af tíma fjölskyldunnar í tiltekin verkefni og að skólaforeldrar taki við fyrir-mælum frá þeim (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 110–111).

Í skólastarfi skulu foreldrar eiga þess kost að taka þátt í námi barna sinna og veita grunnskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið. Einnig bera foreldrar ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hafa orðið ásáttir um. Frístundastarf utan skóla á ekki koma niður á námi barnanna samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 71–72).

Menntun og velferð barna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla en foreldrar bera frumábyrgð þar sem skólinn aðstoðar foreldra við uppeldishlutverkið. Samstarf skóla, foreldra og kennara er sameiginlegt verkefni og byggist á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Hins vegar er samstarf foreldra og kennara ekki nýtt af nálinni en um það má lesa í fræðslulögnum frá árinu 1907 eftir Guðmund Finnbogason (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 71–72).

Rannsóknir sýna ítrekað að þátttaka foreldra í samstarfi við skóla er árangursrík og einn helsti þáttur þess að tryggja nemendum betri afköst í

námi. Foreldrar sem styðja börn sín í námi geta haft verulega mikil og jákvæð áhrif á námsárangur þeirra (Good og Brophy, 2010, bls. 330; Harris, Andrew-Power og Goodall, 2010, bls. Xi og 3). Í rannsókn Patall, Cooper og Robinson er vikið að rannsóknnum þessa efnis og sagt að þær séu ófullkomnar. Þeirra eigin rannsókn leiddi í ljós, þrátt fyrir geysilega tiltrú rannsakenda, að aðeins meðal foreldra yngstu barna mátti greina að stuðningur foreldra við heimanám hefði jákvæð áhrif á námsárangur, því var öfugt farið um aðra en allra yngstu börnin. Þeir sögðu að hver skóli gæti útbúið stofur fyrir foreldra til þess að koma og læra námsefni barna sinna svo þeir gætu aðstoðað börn sín í námi. Einnig væri hægt að útbúa heimasíður þar sem hefðbundnar upplýsingar varðandi nám barna væru aðgengilegar fyrir foreldra þar sem þeir gætu nálgast námsefnið á aðgengilegan hátt (Patall, Cooper og Robinson, 2008, bls. 1094).

Foreldrar eru fjölbreyttur hópur sem hefur ólíkar skoðanir á skólum og skólustarfi, mismunandi samskipti við börn sín og misjafna reynslu af eigin skólagöngu. Hver sem bakgrunnur fólks kann að vera er samstarf við foreldra auðlind sem skynsamlegt er að virkja. Ef slíku samstarfi eru sett skýr markmið og það einkennist af trausti, bjartsýni og virðingu skapar það verulega möguleika á að hafa jákvæð áhrif á skólustarf. Takist hins vegar ekki að ljá samstarfinu slíkt yfirbragð er hætt við að það skapi ekki skilyrði til umbóta nema að nafninu til (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005, bls. 61).

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og eiga að gæta hagsmuna þeirra og velferðar. Ábyrgð foreldra vegur hvað þyngst þegar litið er á mótun, viðhorf, vellíðan, hegðun og árangur nemenda. Hugtakið foreldrar samkvæmt 3. gr. grunnskólalaga er skilgreint svo að þeir teljast foreldrar sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Í V. kafla grunnskólalaga er fjallað um foreldra og í 3. mgr. 18. gr. segir:

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til þess að taka þátt í námi barnsins, svo og skólustarfinu almennt.

Í 19. gr. segir um ábyrgð foreldra:

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldaldur og sækir skóla (Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. e.d.).

Meginhlutverk foreldra er útvegna þjarga, stuðningur við skólastarf, viðfangsefni tengd námi barna og þátttaka í stjórnun skóla. Í nokkrum erlendum rannsóknum hafa niðurstöður sýnt að þátttaka foreldra í athöfnum tengdum skólastarfi og í námsferli barna hefur meiri áhrif á námsárangur og þroska barnanna. Þær áherslur sem lagðar eru á samstarf ættu því að vera markvissar og greinagóðar (Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, 2003, bls. 139–141).

3.2 Hvernig endurspeglar heimanám hugmyndir um einstaklingsmiðun

Mikil fjölbreytni er á meðal nemenda í skólum en margir fá sama heimanám þrátt fyrir mismunandi getu. Þetta gæti orðið til þess að á sumum heimilum eru foreldrar ekki í stakk búnir til þess að aðstoða börn sín. Margir foreldrar og kennarar eru farnir að efast um starfshætti sem þessa þar sem heimanám gæti valdið meiri togstreitu hjá mörgum fjölskyldum. Miklar umræður hafa skapast um heimavinnu en sívaxandi grunur leikur á því að heimavinna sé eitthvað sem þarf að skoða betur og rannsaka (Vatterott, 2009, bls. 2).

Í grunnskólalögum 1974 kom fram sú hugmynd að skóli væri fyrir alla og að honum væri bundin sú skylda að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda. Þó var ekki sett reglugerð fyrir en 1990 þess efnis að öll börn ættu rétt á sérkennslu og gætu stundað sitt nám í sinni heimabyggð (Rúnar Sigþórsson og Rósa Eggertsdóttir, 2008, bls. 275 og 299). Lög um grunnskóla nr. 91/2008 kveða á um að í almennum grunnskóla skuli koma til móts við þarfir allra nemenda óháð líkamlegu eða andlegu atgervis og án aðgreiningar (Lög um grunnskóla, 91/2008).

Nanna Kristín Christiansen (2010) segir að þegar nemendur eiga við sértæka námsörðuleika að stríða þá sé stuðningur foreldra forsenda þess að nemendur nái tilætluðum námsárangri. Samkvæmt rannsókn sem Nanna Kristín gerði á foreldrum voru þrjár mæður sem sögðust hafa tekið að sér

hlutverk einkakennara barna sinna og eyddu þar af leiðandi daglega mörgum klukkustundum í kennslu og stuðning við nám þeirra, þrátt fyrir grát og gnístran tanna. Í svona tilfellum getur heimanám ekki verið góð leið til þess að styrkja samband á milli skólaforeldra og skólabarna, því með þirringi, gráti og gnístran tanna er erfitt að koma á jákvæðum samskiptum (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 124).

Brýnt er að hafa í huga að í skóla án aðgreiningar er mismunur viðurkenndur og allir eru virtir. Því þarf nám að vera skipulagt út frá forsendum hvers einstaklings á þá vegu að það gefi lífi hans gildi og að komið sé til móts við fjölbreyttar þarfir allra barna. Mikilvægt er að nemendamiðaðir kennsluþættir séu vel ígrundaðir og að horft sé í möguleika hvers barns en ekki hindranir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 41; UNESCO, 2009, bls. 8–9).

Hugmyndin um skóla án aðgreiningar hefur þróast frá því að leggja höfuðáherslu á réttindi barna með sérþarfir til menntunar í almennum skólum yfir í áherslu á réttindi allra barna til náms við hæfi. Til að mynda benda Sapon–Shevin (2007) og *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) á að í skóla án aðgreiningar eigi börn jafnan rétt til náms óháð kyni, þjóðerni, tungumáli, kynþætti, félags- og fjárhagslegri stöðu, kynhneigð, trúarbrögðum og öðru er kunnir að aðgreina þau frá öðrum börnum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 22; Sapon–Shevin, 2007, bls. xiv og 13–14).

Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi í almennum skólum samkvæmt Salamanca-yfirlýsingunni sem var sett fram og undirrituð árið 1994 af fulltrúum fjölmargra ríkja og alþjóðlegra samtaka. Hugmyndina um skóla án aðgreiningar má rekja til baráttu fyrir menntun barna með sérþarfir í almenna skólakerfinu. Í rammaáætlun sem fylgdi í kjölfar yfirlýsingarinnar kemur fram að skólum beri skylda til að taka við öllum börnum óháð líkamlegu og andlegu atgervi þeirra, félagslegri og tilfinningalegri stöðu sem og málþroska (Katrín Jakobsdóttir, 2013; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 33).

3.3 Viðhorf til heimanáms og upplifun foreldra/reynsla af heimanámi

Ein leið til þess að meta gæði kennslu er að fá nemendur til þess að taka þátt í því að taka ákvarðanir um val á námi sínu. Bestu kennararnir eru þeir sem

hafa tilhneigingu til þess að leyfa nemendum að vera með í ákvarðanatöku hvað varðar verkefni þeirra en ekki fylgja alltaf leiðbeiningum. Því ættu nemendur í raun að hafa eitthvað um það að segja hvað þeir eru að fara að læra og við hvaða aðstæður. Umfjöllun um heimanám er mikilvæg í sjálfu sér þar sem margar og fjölbreyttar skoðanir hafa skotið upp kollinum. Ef kennarar myndu eiga samráð við nemendur sína með reglulegu millibili myndi það auka áhuga nemenda þar sem það er talað við þau af virðingu og þau fá að taka þátt í ákvarðanatöku um nám sitt. Ef nemendur reyna að skorast undan námi sínu þá er greinilega of mikið heimanám og verður ávinningurinn af heimanámi lítill eða enginn þó verkefni sé góð (Kohn, 2006b).

Yfirleitt fá nemendur ekki að taka þátt í ákvarðanatöku í skólum og hafa skoðanakannanir á meðal nemenda ýtt undir það að þeim finnist kennarar ekki hlusta á skoðanir þeirra hvað varðar skólamálefni. Skólinn er vinnustaður nemenda og því ætti að hlusta á þeirra skoðanir þar sem þeir hafa svipaðar þarfir og kennarar hvað varðar starfsanda og aðstæður. Því er augljóst að nemendur eru ekki bara „hráefni“ sem skólinn hefur til að vinna úr heldur að hugmyndir þeirra og hegðun hafi áhrif á allt starf skólans (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005, bls. 62–63).

Einn möguleikinn væri sá að gera könnun á meðal nemenda og athuga hver skoðun þeirra sé á heimanámi og jafnvel fá þau til þess að koma með tillögur hvað varðar það efni. Margir fullorðnir gera ráð fyrir því að heimavinna sé gagnleg án þess að spyrja um upplifun nemenda á henni. Í rauninni ættu kennarar að búa til verkefni sem hæfir hverjum og einum og byggðust til dæmis á áhugamálum nemenda og getu, því þá er líklegra að nemendur séu tilbúnari til þess að læra (Kohn, 2006b).

Epstein (2002, bls. 14) fjallaði um nokkrar leiðir að bættu skólustarfi með nemendum að leiðarljósi. Þar má nefna hvernig skólinn getur frætt foreldra hvað varðar upplýsingaöflun og til að aðstoða börn sín við heimanám og skipulagningu varðandi tómsundur eða aðrar athafnir. Finna leiðir til að leiðbeina foreldrum með almennri fræðslu og senda reglulega skilaboð heim. Einnig að hanna áhrifaríkt kerfi þar sem upplýsingar og samskipti á milli skóla og heimila eru aðgengilegar fyrir foreldra og skóla hvað varðar skipulag, verkefni og framvindu náms barnsins svo eitthvað sé nefnt.

3.4 Stefna skóla, lög, reglugerðir og námskrár

Markviss vinna skóla til þess að hjálpa nemendum, bæta námsárangur, stuðla að góðum starfsanda skólans og styrkja bæði fjölskyldur og kennara í hlutverkum sínum getur bætt árangur í samstarfi. Með því að fara þessar leiðir þá er mikilvægt fyrir skóla að setja stefnu um það sem stefnt er að (Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir, Rúnar Sigþórsson, 2002, bls. 97).

Í rannsókn sem Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson gerði árið 1995 kom í ljós að þótt skólastjórar teldu að engin stefna varðandi heimanám væri í þeirra skóla þá höfðu kennarar sína eigin stefnu eða afstöðu. Af þessu leiðir að mikilvægt þykir að skólar móti sér, í samstarfi við foreldra, sína eigin stefnu hvað varðar heimanám (Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, 2003, bls. 144).

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* ber skólum skylda til þess að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að laga starf sitt að þörfum nemenda, bæði félags- og námslega. Margir aðilar koma að námskrá grunnskóla og bera ábyrgð á henni og eiga þeir að stuðla að því að nemendur geti stundað nám án aðgreiningar (Rósa Eggertsdóttir o.fl., 2002, bls. 18, 61–62).

Meginhlutverk grunnskólans skv. 2. gr. laga um grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Nám í grunnskóla skal miðast við að allir fái jöfn tækifæri til náms hvort sem um er að ræða þroska, getu, áhuga hvers og eins, hæfileika eða persónugerð. Þetta gerir þær kröfur til kennara að þeir leggi sig fram um að kynnast hverjum þeim nemanda sem þeir kenna, meti stöðu hans í námi og hafi bæði nemanda hans og foreldra með í ráðum um þau markmið sem stefnt er að hverju sinni (Mennta- og menningarmála-ráðuneyti, 2013, bls. 42).

4. Rannsókn

Hér á eftir verða fræðilegri umfjöllun um rannsókn vegna heimanáms gerð skil og sagt verður frá hvaða aðferðum var beitt og hver rannsóknarspurningin er. Gerð verður grein fyrir hvernig val á þátttakendum fór fram og hvernig gögnum var aflað. Jafnframt verður sagt frá hvernig greining fór fram auk þess sem fjallað verður um réttmæti og siðferði.

4.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarspurningarinnar er að fá sýn foreldra á heimanám barna sinna, upplifun þeirra og skoðanir. Leitast verður við að vekja umræður á meðal foreldra um heimanám barna sinna og lagðar fyrir nokkrar spurningar.

Rannsóknarspurningin er:

Hver eru viðhorf foreldra grunnskólabarna til heimanáms?

4.2 Rannsóknaraðferð

Aðferðin sem valin var til þess að svara rannsóknarspurningunni er í formi viðtala þar sem rannsakandi ákvað að taka viðtöl við foreldra barna í grunnskóla. Tekin voru viðtöl við rýnihópa (*e. focus group interview*) en viðtöl nýtast vel þegar rannsaka á reynslu eða viðhorf einstaklinga (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, bls. 227; Sóley S. Bender, 2003, bls. 85). Viðtöl byggjast á mannlegum samskiptum og því þarf rannsakandi að vera heiðarlegur, trúr og nákvæmur. Í eigindlegum viðtölum skal rannsakandi bera virðingu fyrir þátttakendum, sýna þeim hlýju, einlægni, skilning og virka hlustun svo að vel megi til takast (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 67, 74–75).

Rannsakandi kynnti sér kosti og galla þeirra aðferða sem hann ákvað að nota. Við öflun gagnanna var notast við spurningalista svo auðveldara væri að ná til viðmælenda og fá gögn um reynslu þeirra, skoðanir og viðhorf. Viðtöl eru algeng aðferð við upplýsingaöflun og eru notuð þegar ætlunin er

að afla gagna með fáum einstaklingum með nákvæmum upplýsingum um skoðanir, tilfinningar og viðhorf tiltekinna einstaklinga. Því er mikilvægt að vera vel undirbúinn, skrifa hjá sér minnispunkta og taka viðtölin upp á segulband (Rúnar Sigbórsson o.fl., 2005, bls. 87). Þegar valdir eru einstaklingar í rýnihóp verða viðtölin að samræmast tilgangi rannsóknarinnar og hafa einhver sameiginleg grundvallaratriði (Sóley S. Bender, 2003, bls. 88).

Líkt og Creswell, (2012, bls. 10–11) og Sigurlína Davíðsdóttir, (2003, bls. 222–223) benda á er mikilvægt að rannsakandi sem ætlar að rannsaka eitthvert viðfangsefni taki fyrir viðmælendur sem hafa sameiginlega reynslu og upplifun í rýnihópaviðtöl. Rannsakandi leitaðist eftir því að fá svör við eigin spurningum frá þátttakendum rannsóknarinnar. Lagt var mat á það sem aflað var og dregnar ályktanir út frá þeirri vitneskju sem rannsakandi fékk við viðfansefnið sem og kosti og galla.

Rannsakandi byrjaði á því að tilkynna rannsókn til Persónuverndar (sjá fylgiskjal 1). Viðtölin voru gerð til þess að safna saman gögnum frá foreldrum grunnskólabarna þar sem þau hafa sameiginlegan skilning á upplifun sinni hvað varðar heimanám. Fjórir foreldrar í fjórum hópum, hver á sínum stað og hver á sínum tíma, voru beðnir að koma í viðtal. Hagkvæmt er að kalla saman rýnihópa vegna þess að það mun að öllum líkindum skila bestu upplýsingunum þar sem þetta er svipað og samstarfsverkefni. Þetta mun einnig verða gagnlegt til þess að spara tíma þegar upplýsingum er safnað og fær fólk til þess að spjalla. Meiri líkur eru á því að einstaklingurinn í hópnum verði óhræddari við að tjá sig þegar margir tala saman. Ókosturinn getur hins vegar verið sá að í rýnihópaviðtölum getur verið erfitt að greina á milli radda fólksins í hópnum þegar hlustað er á viðtalið og erfiðara getur verið að taka niður punkta þegar allir eru að tala saman (Creswell, 2012, bls. 218–219).

Á þessu stigi rannsóknar þarf að finna út skilvirkustu leiðina til að safna þeim gögnum saman sem notast á við. Þegar rannsóknarefni er ákveðið þarf rannsakandinn að leita eftir gögnum til upplýsingaöflunar og safna þeim til úrvinnslu. Hægt er að notast við afleiddar heimildir, frumheimildir eða sambland beggja en frumheimildir eru oft notaðar við gerð rannsókna þar sem þeim er safnað saman fyrir sérstakt verkefni og tilgang (Creswell, 2012, bls. 10–11).

4.3 Afmörkun og val á þátttakendum

Við rannsóknina var notast við tilgangsrúrtak (*e. purposive of sampling*) en þá eru valdir einstaklingar með reynslu af fyrirbærinu og henta best markmiðum rannsóknarinnar. Við val á þátttakendum komu foreldrar til greina sem hafa reynslu af heimanámi barna sinna í grunnskólum, bæði dæmigerða sem og ódæmigerða reynslu af fyrirbærinu, þetta er gert svo úrtakið verði ekki einsleitt (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 252). Í rannsókninni er hverjum einstaklingi gefið nafn sem vitnað er í og notað í allri kynningunni. Kyn foreldra og aldur skipti ekki máli. Eina skilyrðið sem var sett var að foreldrar hefðu reynslu af heimanámi barna sinna og ættu eitt eða fleiri börn í grunnskóla. Konur voru viljugri að mæta í viðtal heldur en karlmenn eins og sést á viðmælendunum.

Viðmælendur voru 14 konur og tveir karlar sem eiga börn í mismunandi bekkjum grunnskóla. Þetta var gert til þess að fá skoðanir frá fjölbreyttum hópi foreldra. Til þess að nafnleyndar yrði gætt þá fengu viðmælendur nöfnin: Agga sem á tvö börn í 7. og 9. bekk, Brimir sem á tvö börn í 7. og 10. bekk, Dísá sem á eitt barn í 4. bekk, Dúfa sem á eitt barn í 10. bekk, Erla sem á eitt barn í 6. bekk, Harpa sem á eitt barn í 6. bekk, Heiða sem á eitt barn í 4. bekk, Lóa sem á eitt barn í 10. bekk, María sem á tvö börn í 2. og 8. bekk, Rita sem á tvö börn í 2. og 5. bekk, Rósa sem á tvö börn í 1. og 5. bekk, Sívía sem á tvö börn í 1. og 3. bekk, Súla sem á tvö börn í 5. og 9. bekk, Svala sem á þrjú börn í 1., 4. og 5. bekk, Uglá sem á tvö börn í 2. og 10. bekk og Þröstur sem á þrjú börn í 2., 4. og 5. bekk. Frekari kynning er á meðrannsakendum í töflu 1.

4.4 Bakgrunnur

Valdir voru sextán foreldrar úr fjórum skólum en það eru fjórir foreldrar úr hverjum skóla.

Tafla 1. Viðmælendur og bakgrunnsupplýsingar.

Auðkenni	Upplýsingar um viðmælendur	Stefna skólans. Heimanám	Börn á skólaaldri
Agga:	Gift þriggja barna móðir, er snyrtifræðingur að mennt og vinnur sem snyrtifræðingur og söluráðgjafi.	Stefna skólans er heimanám. Það er heimanám hjá báðum börnunum.	Tvö börn í 7. og 9. bekk. 12 og 14 ára
Brimir:	Í sambúð, þriggja barna faðir, starfar sem sjómaður og er með meirapróf á vöruflutningabílum.	Stefna skólans er ekkert heimanám að undanskildum lestri.	Tvö börn í 7. og 10. bekk. 12 og 15 ára.
Dísa:	Einstæð móðir með grunnskólapróf. Vinnur sem aðstoðarmaður tannlæknis. Vinnur allan daginn og langt fram á kvöld.	Stefna skólans er heimanám.	Eitt barn í 4. bekk. 9 ára
Dúfa:	Er gift þriggja barna móðir. Er með skrifstofuskólann að mennt. Vinnur sem skrifstofumaður við bókhald.	Stefna skólans er heimanám en barnið þarf sjaldan að læra heima.	Eitt barn í 10. bekk. 15 ára.
Erla:	Einstæð móðir, vinnur á skrifstofu allan daginn. Með grunnskólapróf.	Stefna skólans er heimanám en barnið þarf lítið að læra heima.	Eitt barn í 6. bekk. 11 ára

Harpa:	Er gift þriggja barna móðir og sjúkraliði að mennt og vinnur sem sjúkraliði.	Stefna skólans er ekkert heimanám - þó er lestur.	Eitt barn í 6. bekk. 11 ára
Heiða:	Gift tveggja barna móðir. Er með BA próf í uppeldisfræði og vinnur sem leikskólakennari.	Það er heimanám í skólanum þeirra.	Eitt barn í 4. bekk. 9 ára
Lóa:	Er gift þriggja barna móðir og er margskólagengin. Vinnur sem lyfjataeknrir og á skrifstofu. Hefur reynslu af fleirum börnum í grunnskóla.	Það er heimanám í skólanum þeirra en lítið heimanám hjá barninu.	Eitt barn í 10. bekk. 15 ára
María:	Er gift þriggja barna móðir. Er með skrifstofuskólann að mennt og starfar sem ritari.	Stefna skólans er heimanám.	Tvö börn í 2. og 8. bekk. 7 og 14 ára
Rita:	Er gift þriggja barna móðir og er ritari að mennt en starfar sem leikskólaliði.	Stefna skólans er ekkert heimanám að undanskildum lestri.	Tvö börn í 2. og 5. bekk. 7 og 10 ára
Rósa:	Er gift tveggja barna móðir. Er með B.Ed. gráðu og starfar sem kennari í grunnskóla.	Stefna skólans er heimanám.	Tvö börn í 1. og 5. bekk. 6 og 10 ára
Silvía:	Silvía er gift þriggja barna móðir og er með iðnmenntun í hárgreiðslu en atvinnulaus eins og stendur.	Stefna skólans er ekkert heimanám að undanskildum lestri.	Tvö börn í 1. og 3. bekk. 6 og 8 ára
Súla:	Einstæð tveggja barna móðir. Hún er snyrtifræðingur að mennt og er á milli starfa eins og er.	Stefna skólans er heimanám.	Tvö börn í 5. og 9. bekk. 10 og 14 ára

Svala:	Gift þriggja barna móðir. Er með háskólamenntun og vinnur sem forstöðumaður á bókasafni.	Stefna skólans er heimanám.	Þrjú börn í 1., 4. og 5. bekk. 6, 9 og 10 ára
Ugla:	Gift þriggja barna móðir. Er með framhaldsskólamenntun í sjúkraliðanum og vinnur sem sjúkraliði.	Stefna skólans er heimanám.	Tvö börn í 2. og 10. bekk. 7 og 15 ára
Próstur:	Giftur þriggja barna faðir. Er með framhaldsskólamenntun og er sjálfstætt starfandi.	Stefna skólans er heimanám.	Þrjú börn í 2., 4. og 5. bekk. 7, 9 og 10 ára

4.5 Framkvæmd og greining gagna

Rýnihópaviðtölin voru fjögur og tóku fjórir foreldrar þátt í hverju viðtali, alls 16 foreldrar.

Þátttakendum var tjáð að farið yrði með upplýsingar sem kæmu fram í viðtölunum sem trúnaðarmál og þess gætt að nöfn viðmælenda eða persónugreinanleg auðkenni kæmu hvergi fram.

Rannsakandi byrjaði á almennu spjalli við viðmælendur og hóf svo viðtölin með opinni spurningu. Stuðst var við viðtalsramma (Sjá fylgiskjal 3) en þess gætt að fylgja eftir óvæntum svörum eða umræðum sem tóku óvænta stefnu ef rannsakandi taldi það í þágu rannsóknar.

Tekið var upp á diktafón með samþykki viðmælenda. Við greiningu viðtalanna byrjaði höfundur að afrita viðtölin af diktafóni yfir á tölvu. Að því loknu las rannsakandi viðtölin nokkrum sinnum yfir til þess að fá góða heildarmynd af niðurstöðum og draga saman í lykilkætti, meginþemu.

Rannsakandi fann út fjögur þemu sem eru: *Samskipti heimila og skóla, heimanám og gæðastund, tilgangur og umfang heimanáms og tómstundir og heimanám*. Viðmælendur fengu upplýsingar um hvað höfundur væri að fara að rannsaka, um rannsakanda og hvernig rannsóknin væri uppbyggð (sjá

fylgiskjal 2). Höfundur lét viðmælendur einnig vita að þeim væri frjálst að koma með hugmyndir sínar og skoðanir hvað varðar heimanám og börn þeirra. Lengd viðtalanna væri um það bil 45 til 60 mínútur og gætu viðmælendur veitt munnlegt samþykki fyrir þátttöku sinni í rannsókninni. Gætt yrði allra persónuupplýsinga og fyllsta trúnaði heitið.

4.6 Réttmæti og siðferðileg álitamál

Mikilvægt er að huga vel að úrvinnslu gagna og fara varlega með þær upplýsingar sem fengust úr viðtölunum. Gæta þess að aðrir hafi ekki óheftan aðgang að gögnunum en það getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir viðmælenda (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 172–173). Huga ber að siðfræði rannsókna og hversu mikilvægt er að taka tillit til viðmælenda. Rannsókn þarf að uppfylla siðferðilegar kröfur til þess að geta staðið undir nafni og er virðing fyrir lesendum og þátttakendum rannsókna gríðarlega mikilvæg. Auk þess er mikilvægt að fá tilskilin leyfi hjá rannsóknarefnum og á siðfræði rannsókna við um alla í öllum samfélögum heims (Creswell, 2012, bls. 22–27; Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 161).

Rannsakandi gætti þess að sýna heiðarleika og upplýsti þátttakendur rannsóknarinnar hvað fylgdi því að taka þátt og hvert markmið rannsóknarinnar væri, nafnleyndar var gætt sem og réttindi svo gögnin væru ekki rekjanleg. Orðalags var gætt, engum mismunandi og tekið var tillit til hugarfars, tilfinninga og athafna viðmælendanna. Farið var vel yfir öll gögn og var þátttaka allra jafnmikilvæg (Creswell, 2012, bls. 289; Resnik, (e.d.); Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 161, 173–175).

5. Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Kaflanum verður skipt niður í fjögur þemu: Samskipti heimila og skóla, heimanám og gæðastund, tilgangur og umfang heimanáms og að lokum tómsundur og heimanám.

Nokkrir viðmælendur rannsóknarinnar voru á þeirri skoðun að þeir vildu að börn þeirra lærðu heima upp að vissu marki til þess að geta fylgst betur með frammistöðu og framgangi barna sinna. Flestir voru jákvæðir gagnvart heimanámi þó svo að upp kæmi togstreita á milli foreldra og barna. Samt gerðu foreldrar sér ekki grein fyrir tilgangi heimanáms, voru ekki vissir hvort að það þjónaði einhverjum tilgangi yfir höfuð.

Allir voru sammála því að lestur væri nauðsynlegur og vildu að börn þeirra læsu heima á hverjum degi því að lestur væri undirstaða alls náms. Flestir foreldranna vilja styðja börn sín við heimanámið og langar að hjálpa þeim en mörgum finnst aðferðir kennara vera öðruvísi í dag en þegar þau stunduðu nám á sínum tíma. Það fannst þeim erfitt og vildu fá meiri upplýsingar eða kennsluhefti með kennsluáðferðum. Foreldrar töluðu um mikilvægi þess að skólinn móti stefnu um heimanám svo að kennarar séu samtaka hvað varðar heimavinnu barna.

Flestir foreldrarnir sögðu að heimanám væri nauðsynlegt á unglingsstigi þar sem nemendur væru að búa sig undir framhaldsskóla en þar væru kröfur um sjálfsábyrgð og sjálfsaga meiri. Í viðtölunum kom í ljós að foreldrar eru misjafnlega í stakk búnir til að geta aðstoðað börn sín við heimanám og ekki eru allir sem geta rétt börnum sínum hjálparhönd þó svo að viljinn sé fyrir hendi. Námið er þá orðið of erfitt fyrir foreldrana sem margir hverjir skilja ekki námsaðferðirnar. Viðmælendur sögðu að mikilvægt væri að samstarf á milli heimila og skóla væri í fyrirrúmi og að ákvarðanataka kennara væri í samstarfi við foreldra og nemendur ef heimanám ætti að vera. Höfundur telur að heimanám hafi lítið verið skoðað hér á landi og því sé vert að skyggjast inn í hug foreldra og athuga hvaða skoðanir þeir hafa á þessu.

5.1 Samstarf heimila og skóla

Viðmælendur sögðu margt ábótavant hvað varðar samskipti á milli kennara og foreldra en flestir létu almennt vel að samstarfinu. Sumir voru þó ekki alveg sáttir og fannst tveimur mæðrum skilaboð oft ekki berast heim. Í skólanum var stefnan sú að ekkert heimanám ætti að vera í neinum bekkjum. Þeim fannst kennararnir taka það „of“ alvarlega þar sem þær fengju ekkert að vita um framgöngu náms barna sinna í skólanum. Rita og Silvía voru ekki hressar með samskiptin á milli heimila og skóla. Rita sagði:

Ég hafði enga trú á heimanámi, en það var búið að ganga illa í stærðfræði hjá drengnum mínum. Síðan fékk hann heimanám og hann þurfti að læra heilmikið heima, eftir það þá fer hann í skólann og tekur próf og fékk tíu í prófinu. Kennarinn sagði að eitthvað gerðist, viðhorf drengsins breyttist. Ég var rosalega á móti heimanámi en núna er ég svolítið efins.

Silvía á dóttur í þriðja bekk sem er ekki með neitt heimanám og voru foreldrarnir og dóttirin himinglöd yfir því þar til það kom að prófi og stúlkan fékk mjög lága einkunn.

Já, ég er sammála Ritu, ég lenti einmitt í þessu líka... með mína, í stærðfræði, þá sá ég á prófi að henni var ekki að ganga vel. Ég hafði ekki hugmynd um það og vissi ekki neitt að henni gengi svona illa og nú tekur hún alltaf með sér stærðfræðina heim af því að ég bað um það.

Silvía var ósátt við að hafa ekki fengið upplýsingar frá kennara og talaði við hann en þá kom í ljós að stúlkan var langt á eftir vegna þess að hún átti erfitt með að einbeita sér í tímum. Hún þurfti að læra eins og vinnuhestur á meðan sumir krakkanna fengu frjálsan tíma ef þau voru búin með dæmin. Þetta kom illa niður á stelpunni og vildu foreldrar fá námið með heim. Silvía hafði þetta að segja:

Allt í einu átti hún að fara að vinna eins og vinnuhestur af því að hún var ekki komin nógu langt. Og þá var orðið svo mikið álag að fara í skólann. Já, og reyna að vinna hratt í tímanum, vinna hratt og vera

alltaf að vinna á meðan hinir kannski fengu að gera eitthvað annað sem voru búnir en hún að vinna og vinna og vinna. Og ég hafði ekki hugmynd um það. Við foreldrar ásamt kennara ákváðum að stelpa skyldi taka með sér heimanám tvisvar í viku og varð það til þess að allt fór á betri veg og gat hún einbeitt sér meira heima.

Silvía sagðist alltaf hafa verið á móti heimanámi en eftir þetta vildi hún fá markvisst heimanám. Þegar móðirin talaði um þetta svaraði annar viðmælandi að þetta þætti henni ekki faglegt af kennaranum. Silvía vildi samt ekki hafa of mikið heimanám, henni fannst nóg að það væri tvisvar í viku. Erla sagðist ekki vera á móti heimanámi en kennari dóttur hennar er ekki með heimanám í þeirra bekk, samt þarf barnið hennar að taka námið með heim því sjaldnast nær hún að klára vinnuna í skólanum. Nemendur þurfa að gera þrjátíu dæmi á fjórtíu mínútum og einhverjir ná að klára en ekki allir. Erla segist ekki vita hvar barnið hennar er statt og þegar hún spyr þá finnst henni vera fátt um svör frá kennara. Brimi fannst að þegar kennarar setja fyrir of mikið af verkefnum í skólanum þá er spurning hvort heimanámið sé komið í nýjan búning. Honum finnst þetta ýta frekar undir mismunun á milli nemenda þar sem sumir eru fljótari en aðrir að vinna. Allir fá sama skammt af námsefni í skólanum en sumir þurfa að bera verkefnin með sér heim þar sem þeir eiga erfitt með að uppfylla kröfur skólans.

Í einu viðtali sögðu foreldrar enga stefnu vera um heimanám í þeirra skóla. Nokkrir viðmælendur sögðu börn þeirra þurfa að læra heima. Þeim fannst það í lagi því þá geta þau fylgst með námi barna sinna. Þau skildu þó ekki annan tilgang heimanáms. Heiða sagði heimanám styrkja sambandið á milli foreldra og barna, það myndi skila sér seinna þegar börnin yrðu eldri að mamma og pabbi nenntu að sitja við eldhúsborðið og hjálpa þeim:

Það er erfitt að sjá það núna hvort að það styrki sambandið á milli foreldra og barna, kannski seinna, það er svo margt sem foreldrar og börn gera saman sem þau kunna ekki að meta. En þau sjá svo seinna hvað mamma var alltaf frábær að nenna alltaf að sitja og læra með mér eða eitthvað. Þannig að ég tel að það sé alveg hluti af því að efla samband þarna á milli.

Það voru ekki allir sammála því að það styrkti endilega samband á milli foreldra og barna. Heimanámið getur valdið riflildi á meðal foreldra og barna. Auk þess getur verið erfitt fyrir foreldra að aðstoða börnin. Það á meðal annars við þegar börn nota aðferðir við nám sem foreldrar þekkja ekki. Þetta getur valdið meiri togstreitu á milli foreldra og barna. Dísa sagði þetta:

Mér finnst ég allavega lenda í því þegar ég er að kenna mínu barni, þá segir hún; Nei... þetta er ekki svona... þetta er ekki kennt svona í skólanum. Maður fær engar AÐFERÐIR, hvernig maður á að kenna barninu. Þú veist maður er kannski að kenna þetta allt öðruvísi heima heldur en kennarinn kennir þetta. Svo eins og þegar þau eru að fá þessar Sprotabækur heim þá eru engar leiðbeiningar, maður veit ekkert hvernig maður á að kenna þetta.

Dísa sagðist reyna að útskýra eftir bestu getu en sú geta er ekki næg vegna tilkomu nýrra aðferða. Það eru ekki bara nýjar aðferðir sem þau eiga að læra heldur er ætlast til þess að nemendur noti sínar eigin leiðir til að finna út úr námsefninu. Súla sagði að börnin ættu líka sjálf að finna út úr því núna hvernig þau ættu að vinna í stærðfræði, að stærðfræðin væri uppbyggð þannig, þau ættu bara að fara sínar eigin leiðir en það gæti stundum skapað vandamál, sérstaklega ef barnið þarf að taka námið með sér heim. Þetta getur orðið til þess að foreldrar kenna börnum sínum eitthvað sem ekki hentar vegna þess að þau eru öll af vilja gerð til þess að hjálpa barninu sínu en svo geti það orðið til hins verra. Svala hafði einnig reynslu af því hvernig barn hennar átti að finna sjálf út úr náminu en henni fannst það mjög erfitt:

Í einum skóla þar sem dóttir mín var átti að láta barnið uppgötva sjálft leiðina, hætta að troða reglum og því ofan í barnið, hvernig það á að reikna, því að það eru til margar leiðir til að reikna. Hún var að læra eitthvað nýtt og ég var alveg bara, „hvernig á ég að kenna henni þetta?“ af því að í rauninni mátti ég ekki hjálpa henni. Hún átti að uppgötva þetta sjálf. Og hún auðvitað bara, „segðu mér þetta ég kann þetta ekki“ Það er þá kannski orðið ennþá flóknara að leiðbeina þeim.

Viðmælendurnir voru sammála um að ef nemendur ættu sjálfir að finna út úr námsefninu væri örugglega betra að þau fengju hjálp frá skólanum þegar þau

Þyrftu frekar en foreldrum. Kennarar fá yfirleitt kennarahandbók með vinnubókunum sem þeir geta stuðst við og hugsanlega væri það lausn ef foreldrar fengju líka eintak af henni. Agga sagði einn kennara hafa tjáð sér að honum þætti ekkert skrítið að foreldrar gætu ekki hjálpað því kennararnir væru stundum sjálfir í vandræðum.

Já, ég lenti í einhverju veseni með stærðfræðina hjá minni dóttur og fékk eitthvað lausnarhefti heim til þess að hjálpa henni og kennarinn sagði að það væri ekkert skrítið að ég gæti ekki hjálpað henni, þær þurfa sjálfar að fletta í gegnum það líka vegna þess að þær skilja þetta ekki heldur. Svo hvernig eigum við þá að geta hjálpað þeim... já, og svo er maður bara fljótur að gleyma þessu öllu.

Hér virðast nemendur eiga að læra eitthvað nýtt eða vinna eftir óljósum reglum í stað þess að læra það í skólanum og æfa sig heima eða búa sig undir eitthvað nýtt. Allir foreldrar sem ég tók viðtal við í skóla B voru sammála því að þeir vildu ekkert heimanám. Dúfa telur að börn þyrftu líklega að taka með sér heimanám ef þau kláruðu ekki það sem þau áttu að gera í skólanum:

...ég myndi halda að það væri skilurðu... að ef þau komast ekki yfir það sem þau eiga að klára í skólanum eða það sem þau eiga að læra að þau þurfi að klára það heima... Nema það sé farið yfir það mikið námsefni að þau komast ekki yfir það í skólanum.

Flestir foreldrar sögðu börnin taka með sér verkefni sem þyrfti að ljúka við heima þegar heimanám væri sett. María sagði að drengurinn hennar væri alltaf svo duglegur að klára heimanámið sitt um leið og hann fengi það. Hann er í fyrsta bekk og finnst honum mjög gaman að læra. Kennarinn sendi því auka heimanám með honum heim og hefur María um þetta að segja:

Hann nær kannski að klára í skólanum, það sem hann er að gera, kannski stærðfræðibækur eða eitthvað, sem aðrir eiga að taka með í heimanám og taka með sér heim en þá þarf hann að fá aukablöð og ef hann er búinn þá fær hann fleiri aukablöð sem búið er að prenta út.

Hinir viðmælendurnir í hópnum voru hissa á því að þó að drengurinn væri duglegur í tímum og klári námsefnið að hann þurfi einnig að fá aukaverkefni með heim þar sem hann var búinn með sitt og María sagði:

Já, hann er búinn með sitt og af hverju á hann þá að þurfa að læra heima. Hann fær bara auka námsefni, kannski til að æfa sig.

María tjáir sig um það að hún viti ekki hvers vegna drengurinn hennar þurfi að fá aukánámsefni með heim og er María á því að samskiptin á milli heimila og skóla virki greinilega ekki nógu vel. Þeir viðmælendur sem voru í þessu viðtali urðu mjög hissa og fannst þeim engin ástæða til þess að láta drenginn fá aukánám þar sem hann væri búinn með sín verkefni. Lóa sagði að hún hefði haldið að heimanám væri vegna þess að nemendur næðu ekki að klára í skólanum og því þyrftu þau að taka með sér verkefni heim. Viðmælendur mínir töldu að líklega væru það samskipti heimila og skóla sem hömluðu ákvarðanatöku í námi nemendanna, frekar en heimanámið. Ef samskiptin væru betri þá væru til fleiri leiðir til þess að aðstoða börnin. Það þarf ekki alltaf að finna sökudólg og þar af leiðandi er hægt að skoða aðrar leiðir til að aðstoða nemendur. Þegar rannsakandi spurði foreldra um samstarf á milli heimila og skóla voru svörin misjöfn, Dúfa svaraði:

Nei mér finnst það enginn grundvöllur við skólann... mér finnst heimanám ekkert þurfa að tengjast samstarfi, þó að það sé heimanám þá geta verið aðrar leiðir til þess að eiga góð samskipti við kennarann.

Viðmælendur voru allir sammála því að hægt væri að eiga gott samstarf við skólann án þess að heimanám þyrfti að koma við sögu. Heiða sagði að það væri alltaf ákveðið samstarf við skólann þó það væri ekki alltaf sýnilegt, hvort sem heimanám væri eða ekki. Kennarinn setur fyrir og barnið lærir heima og við foreldrar hjálpum barninu við heimaverkefni. Svala sagði ekki alltaf vera þörf á heimanámi til þess að efla samstarf, það væri svo margt annað hægt að gera:

Eins og þetta að taka þátt í skólastarfi, koma og vera einn dag eða allt þetta, mér finnst vanta svo miklu meira, það eru til svo margar

skemmtilegar leiðir til að fá foreldra með í skólastarf annað en að láta þau vera með heimanám.

Það er margt sem þarf að huga að hvað varðar heimanám barna í grunnskóla og talaði Rósa um fjölskylduaðstæður og erfiðleika við lærdóm hjá mörgum börnum. Hún sagði að það færi mikið eftir því hvernig barninu gengi og ef það væri basl heima og því gengi jafnvel ekki vel að læra þá væru foreldrar kannski frekar á móti heimanámi. Það fer líka eftir fjölskylduaðstæðum, það eru ekki allir sem geta hjálpað börnum sínum heima og eru mörg börn ekki íslensk og þá getur verið erfitt fyrir foreldra að hjálpa börnum sínum að læra heima þar sem þau tala ekki íslensku. Rósa sagði:

Það eru misjafnar aðstæður hjá fólki og allir njóta ekki sömu réttinda. Það skapar alltof stórt bil á milli þeirra sem fá hjálp heima og þeirra sem fá enga hjálp. Það er helsti ókosturinn og veldur mismunun.

Þar sem börn búa við mismunandi aðstæður og mörg fá enga hjálp heima við námsefnið þá getur heimanám ýtt undir mismunun á milli barna. Allir viðmælendur mínir töluðu um mikilvægi lesturs og hvernig hann ætti að vera ráðandi og að börn sín ættu alltaf að lesa heima. Heiða talaði um að lesturinn ætti alltaf að eiga sinn stað því hann væri undirstaða alls náms. Erlu fannst lesskilningur barnanna mikilvægari en lesin atkvæði á mínútu og voru aðrir foreldrar sammála í grunnskóla D. Þeim fannst ekki rétt að börnin þyrftu að lesa einhvern ákveðinn atkvæðafjölda en í mörgum tilfellum vantaði lesskilningin. Uгла á dóttur með dyslexiu sem á þar af leiðandi erfitt með lestur. Hún sagðist alltaf hafa reynt að pressa á hana með tíma því það væri gert í skólanum og reynt að efla hraðann hjá stelpunni. Hún tók tímann og rak á eftir henni vegna þess að í skólanum væri talinn ákveðinn fjöldi á mínútu og hún fann fyrir ákveðinni pressu frá skólanum um að auka hraða lesturs. Svala sagði:

Lesturinn er mjög mikilvægur á þeim tíma sem þau eru að ná lestri og það er líka auðvitað eitthvað sem þarf að hvetja foreldra líka, það á alveg að vera bara eðlilegur gangur í fjölskyldunni að börnin lesi.

Presti fannst lestur jafnmikilvægur og að tala því þetta væri samskiptaform sem allir þyrftu að tileinka sér. Honum fannst lesturinn vera ákveðið samskiptaform sem allir þurfa að þjálfra. Bæði börn og fullorðnir nota lestur dag hvern, eins og til dæmis að fara á netið og lesa blöðin. Svölu þótti foreldrar misvirkir en hún þekkir það bæði sem foreldri og sem kennari:

Þú ert með þrjá til fjóra foreldra í bekk, ofboðslega virka og restina þarftu að hvetja áfram og alltaf vera að minna á. Svo er dóttir mín að lesa fjórum til fimm sinnum í viku og er komin langt fram úr flestum. Ef það er lestrarátak þarf alveg endalaust að minna foreldra á, „láttu barnið lesa“, fólk er misduglegt, með börnin sín.

Hörpu fannst betra að fylgjast með námi barna sinna með heimanámi til þess að sjá hvar þau væru stödd, hvernig þau höndluðu námið og fleira. Svala sagði vera svo margar aðrar leiðir til að efla samskipti heimila og skóla. Hún fann alveg fyrir miklum breytingum frá því þar sem hún bjó erlendis og hér á landi:

Þau koma alltaf lærð heim og maður var rosalega mikið inni í hvað börnin voru að gera, maður kom allavega tvisvar til þrisvar í röð og var með í skólanum, til að fylgjast með hvernig barnið væri í tímum og tala við aðra foreldra, það var bara fastur liður. Þau eru reyndar búin að taka þetta upp í Laugarnesskóla veit ég og alls konar aðrar leiðir. Og fara yfir próf með þeim til þess að skoða hvað fór rangt og svona, en ekki þetta daglega heimanám.

Samantekt:

- Foreldrar töldu að almennt væri samstarf á milli heimila og skóla í góðu lagi.
- Þeim fannst almennt samstarf við kennarana gott og gátu leitað til þeirra ef þá vantaði upplýsingar eða hjálp varðandi heimanám barna þeirra.

- Í þremur tilfellum var það þó þannig að samskiptaleyfi á milli heimila og skóla gerði það að verkum að börnin drógust aftur úr og þurftu á heimanámi að halda.
- Foreldrar gerðu sér almennt grein fyrir því að mikið álag fylgir heimanámi og geta fjölskylduáðstæður gert það að verkum að erfitt getur verið fyrir suma að hjálpa börnum sínum heima við verkefni.
- Það eru til aðrar leiðir en heimanám til þess að byggja upp samstarf á milli heimila og skóla.
- Það eru til aðrar leiðir heldur en heimanám til þess að fá foreldra til þess að fá meiri innsýn inn í skólastarfið.
- Öllum fannst lestur skipta mjög miklu máli.

5.2 Heimanám og gæðastundir

Þegar fjallað var um heimanám sem gæðastund voru allir foreldrar sammála því að það væri alls ekki gæðastund. Spurt var: *Teljið þið heimanám vera gæðastund?* Allir foreldrarnir svöruðu neitandi, það væri ekki gæðastund en væri í lagi ef börnin væru vel upplögð. Gæðastund getur verið á svo ólíkan hátt og fer eftir fjölskyldum en Dísar sagði að það væri togstreita þegar kæmi að heimanámi og því fannst henni það ekki vera gæðastund. Yfirleitt væru allir þreyttir eftir langan dag og vildu eiga gæðastund í smá tíma en það væri ekki hægt vegna þess að barnið ætti eftir að læra heima. María hló og sagði nei og ítrekaði það með því að segja:

Með stórum stöfum NEI... þetta er togstreita... maður er alltaf að spyrja ertu búin að læra, læra, læra.... ef þú veist af því að það sé lærdómur, en auðvitað eiga þau að bera ábyrgð á þessu sjálf, að læra, við eigum ekki að þurfa að gera þetta en þetta er alls ekki gæðastund, nei.

Það fannst fáum í viðtölunum það vera gæðastund að sitja með barni sínu að læra því að það væri alltaf einhver togstreita eða riflildi. Þegar líða fer að kvöldmat eru allir orðnir þreyttir og því erfiðara að sitja með börnum sínum yfir heimanámi. Viðmælendur töluðu um að eftir langan skólalagdag og

vinnudag hjá foreldrum þá vildu þeir eiga gæðastund með börnum sínum en oft væri það ekki hægt vegna heimanáms. Þó sagði Lóa að það gæti alveg verið gæðastund þegar börnin voru í fjórða og fimmta bekk, hún að elda og börnin að læra. Hinum í viðtalinu fannst þetta ekki vera gæðastund þar sem hún var að gera annað og börnin að gera verkefni. En Lóa sagði að henni myndist það vera gæðastund því að þau voru öll í eldhúsinu. Súla talaði um að það gæti alveg verið gæðastund en yfirleitt ekki, það kemur alveg fyrir ef allir eru rosalega vel upplagðir. Svala sagði einnig að þetta gæti og ætti í rauninni að vera það því að þetta eru bestu æviár barnsins og þá á að njóta þess að vera til og að börn ættu að eiga góðar minningar í barnæskunni.

Þetta er bara svo mikil upplifun af þeirra skóla líka. Maður er reyndar búinn að heyra af fólki sem stendur á garginu við börnin sín, að elda matinn, að hjálpa þeim við lærdóminn og það kemur svo mikil neikvæð upplifun af öllu sem tengist skóla og námi hjá barninu. Seinni partinn, eða um kvöldmatarleytið eru mamma og pabbi í vondu skapi og allt er brjáláð en auðvitað á þetta að vera gæðastund. Eða ég myndi segja það.

Ugla var sammála því að þegar börn eru þetta ung þá væri nauðsynlegt að eiga gæðastundir með börnum sínum en stundum væri það bara erfitt. Hún reyndi að haga vinnu sinni þannig að hún gæti látið barnið sitt læra strax eftir skóla. Hún vann á næturvöktum til þess að vera með börnunum sínum eftir skóla. Henni fannst mikilvægt að geta tekið á móti börnunum og hjálpað þeim að læra strax eftir skóladaginn vegna þess að ef börnin gerðu það ekki þá færi allt í háaloft seinni partinn. Börnin væru of þreytt og væru búin með alla athygli við námið. Hún sagðist finna mikinn mun á því hvort að börnin lærðu strax eftir skóla eða um kvöldið. Margir í viðtalinu voru sammála því en Svala sagði að það væri gott ef það væri hægt en því miður væru margir sem væru ekki í aðstöðu til þess að hjálpa börnum sínum strax eftir skóla. Þetta ýtti því undir mismunun á milli nemenda. Heiða sagði að þegar kennarinn setur fyrir heimanám hjá hennar barni þá er það yfirleitt fyrir vikuna. Barnið fær möppu og á að klára innan viku og hún nýtir stundum helgarnar til þess að láta barnið læra. Henni fannst það virka best á sitt barn og þá gæti hún átt gæðastund með barninu eftir skóla á virkum dögum. Flestir viðmælendur sögðu að heimanám væri alls ekki gæðastund og því væri mikil þörf á því að leyfa nemendum að klára allt námsefnið í skólanum svo þeir gætu átt gæðastund heima eftir skóla. Þegar allir væru þreyttir þá væri engin

leið til þess að eiga gæðastund yfir heimanámi. Viðmælendum fannst það vera orðið tímabært að leggja heimanám niður eða lengja jafnvel skóladaginn um einn tíma svo að nemendur næðu að klára allt námsefni í skólanum og eiga síðan frí eftir skóla til þess að fara að leika eða í tómsundur.

Samantekt:

- Flestir viðmælendanna töluðu um að heimanám væri ekki gæðastund, frekar togstreita.
- Fólk leggur misjafnar áherslur á hvað sé gæðastund og getur gæðastund hjá einum verið annað hjá öðrum.
- Margir foreldrar sögðu að þegar barn er þreytt eftir langan dag í skólanum þá er frekar erfitt að eiga gæðastund í heima-námi þar sem foreldrarnir eru einnig þreyttir eftir langan vinnudag.
- Heimanám getur valdið togstreitu.

5.3 Tilgangur og umfang heimanáms

Þegar spurt var um heimanám, bæði hvað varðar tilgang og umfang eða hvort foreldrar væru hlynntir heimanámi, sögðu Dís, Heiða og Súla að þeim fyndist það vera í lagi að hafa heimanám til þess eins að fylgjast betur með hvað börnin þeirra væru að læra. Þeim fannst þær fá betri innsýn inn í nám barna sinna. Súla sagði að þegar það væri ekkert heimanám fyndist henni hún ekki vita hvað barnið hennar væri að gera en nefndi einnig að það væru námskynningar á haustin sem sýna hvað nemendur eiga að læra yfir veturinn og kynning á bókunum og hvað framundan væri. Nokkrum viðmælendum fannst þeir geta fylgst betur með framvindu mála ef heimanám væri fyrir hendi og þá vildu foreldrar leggja sérstaka áherslu á lestur en engum fannst annað heimanám þjóna sérstökum tilgangi. Þetta virðist því frekar mótsagnarkennt.

Heiða talaði um að það þyrfti að vera smá heimanám:

Foreldrar hafa allavega gott af því að sitja með börnunum sínum og fylgjast með þeim læra. Foreldrar þurfa að vita hvað börnin þeirra eiga að gera. Má ekki vera of mikið samt.

Nokkrum viðmælendunum fannst heimanám ekki endilega þjóna miklum tilgangi en Súla sagði það vera mikinn mun á heimanámi hjá barni í 6. bekk og barni í 9. bekk. Nokkrir foreldranna voru algjörlega á móti heimanámi en Dúfa sagði að hún héldi að það þyrfti líklega heimanám í þeim tilfellum sem barnið næði ekki að klára í skólanum. Agga sagðist vera á móti heimanámi og vildi losna við það, nóg annað væri að gera hjá börnunum, þau eyddu nægum tíma í skólanum og ættu þar af leiðandi ekki að þurfa að taka verkefni með sér heim. Þröstur var á móti heimanámi og talaði um að tími væri kominn á breytingar í skólastarfi:

Ekki veit ég hver frumlegur tilgangur heimanáms hafi verið í upphafi, er þetta ekki meira en hundrað ára gamalt að minnsta kosti. Þannig að... þessi kennsluaðferð er alveg aftur í fornöld. Mér finnst heimanám aldagömul vitleysa. Það á að vera löngu búið að taka þetta út og þau eiga ekki að taka þetta með heim frekar en að þú eigir að taka vinnuna með heim.

Mörgum fannst að námið ætti eingöngu heima í skólanum og að börnin ættu ekki að þurfa að bera með sér þungar skólatöskur eftir langan og erfiðan skóladag með miklu áreiti. Börn eru í vinnu allan fyrri part dags og þau ættu ekki að þurfa að taka vinnuna með sér heim.

Þröstur: Börnin eru í vinnu frá átta til eitt, tvö, þrjú, það er bara alveg.. mér finnst það bara alveg nóg vinnustund fyrir börn á þessum aldri svo að það ætti frekar að nýta þennan tíma sem er í að efla þá kennslustarfið með einhverjum ákveðnum hætti þannig að þau þurfi ekki að draga með sér vinnuna heim því við verðum að líta á þetta, þetta er ákveðin vinna, en þetta á líka að vera skemmtileg vinna.

Æskuminningar ættu að vera góðar en ekki um togstreitu á milli foreldra og barna vegna heimanáms. Foreldrar sögðu að það væri alltof mikið um það að þau þyrftu að draga börnin sín inn vegna heimanáms frá leikjum og útiveru

sem væri þroskandi og heilbrigt. Dúfa kom með þá athugasemd að vel væri hægt að fylgjast með námi barna sinna þótt þau hefðu ekki heimanám:

Maður getur alveg fylgst með þeim og því sem þau eru að gera þó svo að það sé ekki heimanám, það þarf ekkert endilega að vera heimanám, þú getur kíkt í bækurnar og fylgst með og átt góð samskipti við kennara.

Svala sagðist hafa búið í öðru landi um tíma þar sem hún hefði kynnst öðrum leiðum til að fylgjast með börnunum. Þar var ekkert heimanám en samt gátu foreldrar fylgst mun betur með börnum sínum en hér og gefinn var kostur á að taka virkan þátt í námi barnanna í skólanum.

Þú fékkst bara tímatöflu fyrir september til dæmis, velur þér einn dag sem þú vilt koma í skólann og maður valdi sér bara, allir foreldrar völdu sér einn dag og þú ræður alveg hvað þú gerir, situr bara og horfir á, kynnir kannski eitthvað til dæmis það sem þú ert að vinna, hjálpar kennaranum, þú ræður því algjörlega.

Margar leiðir eru í boði til samstarfs á milli heimila og skóla aðrar en heimanám og því er vert að huga að hvaða leiðir séu í boði að sögn Svölu. Prófa nýjar leiðir og fara eftir þeim. Agga talaði um að yfirleitt færi allt inni á Mentor þar sem hægt væri að fylgjast með og vera í samskiptum. Ef foreldrar væru í góðum samskiptum við kennarana þá væri meiri möguleiki að komast hjá því að börn drægjust aftur úr eins og Silvía talaði um. Þegar viðmælendurnir ræddu um hvað skólinn hefði lengst mikið undanfarna áratugi fannst þeim réttara að sleppa heimanámi. Rita sagði samt þurfa einhverja yfirsýn, samskiptabók eða eitthvað slíkt svo foreldrar gætu fylgst betur með. Harpa sagði að auðvitað þyrfti að fylgjast með ef börnin byrjuðu að dala og grípa í taumana.

Silvía sagði: Ég get ekki séð að kennarinn nái því að fara yfir allt námsefni með börnunum, allavega ekki með þennan fjölda í bekk. Og svo þurfa bara sum, þó að það sé ekki sanngjarnt, þá þurfa sum bara að taka heimanámið með. Brimir sagði að honum fyndist það ætti þá að

vera einstaklingsmiðað nám fyrir nemendur þar sem börn eru misjöfn námslega séð.

Þegar viðmælendur voru spurðir út í umfang heimanáms þar sem nemendur geta verið mislengi að vinna voru svörin misjöfn þar sem börn eru mislengi að vinna. Sum náðu að klára heimanámið en önnur ekki og voru að strita við að reyna að klára það magn sem kennarinn eða kennararnir settu fyrir. Því börn geta verið með marga kennara og fá stundum heimanám frá nokkrum þeirra. Þá er heimanámið orðið frekar mikið. Silvía sagðist ekki vilja vera síðust að læra ef hún hugsaði þetta út frá sér:

Já, ég veit það ekki, ef ég hugsa út frá mér þá hefði ég ekki viljað alltaf vera síðust, þótt að það sé þannig eins og í skólanum hér, að þá vinnur hver á sínum hraða. En það er svona, við erum öll svona þínu keppnis. Það vill enginn vera síðastur hvort sem það er í skóla eða íþróttum.

María, Dúfa og Rita töluðu um að hægt væri að búa til verkefni fyrir alla en mislöng og þá þyrfti að vera einstaklingsmiðað nám. Börn eru mislengi að vinna og því þyrfti að fara eftir einstaklingnum. Rósa benti á að kennari barnsins hennar í skóla A skipulagði allt heimanám fyrir önnina og setti það upp í áætlun inni á Mentor svo barnið gæti þá unnið heimavinnu þegar tími gafst eða þegar það var vel upplagt:

Sá sem kennir drengnum mínum er búinn að setja inn plan fyrir allan veturinn og alveg fram á vor og planið er inni á Mentor, planað fyrir íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Það finnst mér mjög gott, þannig að drengurinn minn getur lært þegar það hentar honum, jafnvel um helgi, tekið svona búta og búta. Við vitum þar af leiðandi fyrirfram hvað hann á að læra. Hann má læra þegar hann vill og gæti klárað ef hann gæti sjálfur.

Rósa sagði það einnig mikilvægt að allir fylgdust með svo barnið klári vinnuna. Börn eru kannski ekki búin að læra að skipuleggja sig í fimmta bekk en með aðstoð foreldra gengi það betur upp og þau gætu jafnvel klárað vinnuna í skólanum þegar það er fyrirfram ákveðið námsefni fyrir önnina. Mörgum foreldrum í rannsókninni fannst reyndar of mikill tími fara í

heimanám barna sinna. Þegar börnin eru í skólanum allan daginn og þurfa svo að koma heim og halda áfram er hreinlega of mikið álag. Lóa, Agga og María töluðu um hvað skólinn hafi lengst mikið. Ef foreldrar vinna mikið úti og geta ekki hjálpað börnum sínum við heimanám nema á kvöldin getur það reynst erfitt þegar allir eru orðnir þreyttir að sögn Hörpu. Agga sagði að skólatíminn væri orðinn lengri núna en þegar hún var ung þá var skólinn alltaf búinn í maí en byrjaði ekki fyrr en í október eða september. Viðmælendum fannst ekki þurfa að vera heimanám miðað við tímann sem börnin þeirra væru í skólanum. Þeim fannst nóg að nemendur væru í sex til átta klukkustundir á dag í skólanum og því væri óþarfi að taka námið með sér heim að auki. Fyrir utan allan þennan tíma í skólanum þá eru mörg hver ekki í stakk búin til þess að læra. Þau eru þreytt, orkan búin að rýna í bækur og kannski ekki tilbúin til þess að læra þegar foreldranir geta aðstoðað þau. Lóa sagði:

Það er líka spurning hvort að þau séu tilbúin þegar við erum búin að ákveða tíma, þú veist, lærdómur klukkan þetta eða á þessum degi eða eitthvað þá bara „NEI“ því að þá eru þau búin að ákveða eitthvað allt annað.

Margir viðmælendanna töluðu um að skóladagurinn væri svo langur að eðlilegt væri að heimanámið rúmaðist innan skóladagsins. Það ylli bara meiri togstreitu á heimilinu og börnin yrðu þreyttari þegar líða tæki á daginn. Lóa fannst nemendur dvelja alveg nógu lengi við skólann og var Agga alveg sammála því. Að vísu fannst Svölu vera í lagi að bæta við klukkutíma svo nemendur gætu klárað heimavinnuna í skólanum:

Ég myndi telja að ég held, að skólinn ætti að vera í klukkutíma lengur og þar inni væri heimanámstíminn. Þau fá sinn tíma til þess að læra og ef þau ná ekki að klára þá væri hægt að fara til dæmis heim með námið.

Samantekt:

- Þau töluðu um að hægt væri að eiga góð samskipti við kennara án þess að heimanám þyrfti að vera.

- Hægt er að fylgjast með námi barna þó að heimanám sé ekki til staðar.
- Mikilvægt er að góð samskipti séu á milli foreldra og kennara.
- Foreldrar áttu frekar erfitt með að sjá fyrir sér að kennari með stóran bekk gæti einstaklingsmiðað nám fyrir marga nemendur.
- Tilgangur heimanáms er ekki alltaf ljós.
- Flestum foreldrunum fannst of mikill tími fara í heimanám barna þeirra.
- Foreldrum fannst að það ætti að skipuleggja námið út frá einstaklingnum.
- Þegar börn þurfa að vera í skólanum allan daginn þá finnst þeim magn heimanáms vera of mikið.
- Hægt er að fara aðrar leiðir í verkefnavinnu barna.

5.4 Tómstundir og heimanám

Þegar viðmælendur voru spurðir út í það hvort að heimanám rækist á tómstundir barna þeirra þá sögðu þeir að það gerði það. Þeir töluðu um að stundum rækjust heimanám og tómstundir barna þeirra saman og yrði því oft mikil togstreita þar á milli. Agga sem á þrjú börn, tvö þeirra í grunnskóla og íþróttum og annað þeirra í afrekshópi hefur þetta að segja:

Já, eins og þessir dagar eru bara, eins og... það er varla hægt að klára skólann, eins og í mínu tilfelli þá er byrjað strax, tómstundir, íþróttirnar byrja strax, afrekshópurinn er byrjaður strax.

Þegar báðir foreldrar vinna fullan vinnudag getur verið mjög erfitt að skipuleggja tíma fyrir heimalærdóm. Dúfa talaði um að miklu meira væri í

boði í dag heldur en þegar þau voru ung og kröfurnar jafnvel meiri í íþróttum og öðrum tómstundum. Einnig töluðu foreldrar um að skólinn hefði verið mun styttri og því meiri tími fyrir frístundir. Viðmælendur sögðu að heimanámið hefði mikil áhrif á tómstundir barna og frítíma þeirra. Harpa sagði að heimanámið truflaði fjölskylduna. Sérstaklega ef heimanám er sett fyrir á hverjum degi og að auki væru íþróttir eða eitthvað annað þá hefði það áhrif á tómstundir eða fjölskylduna. Silvía sagðist ekki vilja mikið heimanám því að það myndi trufla tómstundir barna hennar og frítíma en það væri í lagi í litlum mæli:

Ef það væri heimanám tvisvar í viku þá finnur maður minna fyrir því, en það væri svolítið leiðinlegt ef það væri á hverjum degi og þurfa að berjast við börnin sín þegar allir eru orðnir þreyttir.

Rósa talaði einnig um að þetta gæti valdið togstreitu hjá fjölskyldu hennar. Þegar börnin hennar ættu að mæta í einhverjar tómstundir, íþróttir, tónlistarskóla eða eitthvað annað þá væri orðið brjáláð að gera og þetta væri bara allt of mikið. Margar mæður voru sammála þessu. Svala nefndi að þegar foreldrar eru kannski með þrjú börn og öll þurfa að læra heima, eru í tónlistarskóla, í íþróttum eða einhverjum tómstundum ásamt því að foreldrar vinna fullan vinnudag þá getur verið mjög strembið að reyna að fá alla til þess að læra heima. Súla sagði að elsta barnið hjá henni hafi þurft að sleppa afmælum og fótboltaæfingum vegna heimanáms. Hún þarf stundum að skila af sér svo miklu heimanámi að hún hafi sjálf þurft að sleppa ýmsu til þess að aðstoða barnið sitt við heimanám. En jafnframt sagði Súla að það færi líka eftir börnum, sumir gera þetta sjálfir en aðrir þurfa meiri hjálp og er því misjafnt eftir börnum. Rósa benti á að sum börn væru skipulagðari en önnur, ef barnið veit með miklum fyrirvara hvað það á að læra heima þá gæti það byrjað fyrir á náminu.

Viðmælendur sögðu að það væri á ábyrgð nemenda, foreldra og kennara að fylgja náminu eftir hjá nemendum. Undirbúa þá undir framhaldsskóla með því að fá nemendur til þess að bera einhverja ábyrgð á námi sínu eftir því sem þeir verða eldri í grunnskóla. Dísá sagði að í raun rækist heimanámið lítið á tómstundir hjá þeim þar sem dóttir hennar væri ekki mikið í tómstundum, aðeins í leiklist um helgar. En hún sagðist samt setja reglur varðandi

heimanámið. Ef barnið biður um að fara eitthvað þá er svarið oftast: „já, ef þú ert búin að læra“. Hún setur námið í forgang en stundum fengi dóttir hennar undanþágu ef hana langaði að gera eitthvað sérstakt.

Einn viðmælendanna sagði að ef barnið fengi heimanám tvisvar í viku eða möppu sem það ætti að vinna upp á einni viku þá væri hægt að hagræða því þannig að heimanámið rækist ekki á tómsundur né frítíma barnanna. Annar sagði að það væri líka spurning hvort börnin væru tilbúin að læra þegar foreldrarnir eru tilbúnir, þau eru jafnvel búin að ákveða eitthvað annað í frítíma sínum en þá þyrftu þau að læra heima. Þetta gæti valdið togstreitu á milli foreldra og barna.

Svala nefndi það að þau hjónin leyfðu sínum börnum ekki að leika úti eftir kvöldmat og þegar skólinn er þetta langur yfir daginn, svo kemur heimalærdómur og tómsundur, þá væri lítil sem enginn tími til þess að leika sér og njóta þess að vera með vinum sínum. Þróstur sagði:

Það væri nú bara fín hugmynd að heimanámi að fjölskyldan myndi sitja saman og rifja upp daginn. Að börnin segðu frá því sem þau gerðu í skólanum.

Samantekt:

- Viðmælendurnir voru flest allir sammála því að heimanám truflaði tómsundur og frítíma barna að mörgu leyti.
- Foreldrum fannst skóladagur barna þeirra vera orðinn miklu lengri en áður tíðkaðist og því fannst þeim að í rauninni mætti sleppa heimanámi.
- Margir foreldranna reyndu að nýta tímann um kvöldmatarleytið til þess að aðstoða börn sín að læra heima.
- Allir voru sammála því að kröfurnar væru orðnar meiri í dag en áður, bæði hvað varðaði skólann og tómsundur.

6. Umræður

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða heimanám grunnskólabarna og vekja umræðu þess efnis hvernig heimanám hefur áhrif á nemendur og foreldra.

Rannsóknarspurningin var:

Hver eru viðhorf foreldra grunnskólabarna til heimanáms?

Kaflanum er skipt niður í fjögur þemu: samskipti heimila og skóla, heimanám og gæðastund, tilgangur og umfang heimanáms og að lokum tímstundir og heimanám.

6.1 Helstu niðurstöður

Meginniðurstöður eru að allir viðmælendur höfðu upplifað stress, tímaskort, togstreitu og pirring við mikið heimanám, bæði hjá sér og börnum sínum. Jafnframt fannst þeim að heimanám mætti vera til staðar en aðeins upp að vissu marki svo það yrði ekki of mikið álag á heimilinu. Foreldrar virðast vera frekar óvissir um tilgang og tilurð heimanáms en margir töldu sig fylgjast betur með námi barna sinna ef þau væru send heim með verkefni.

Samskipti heimila og skóla var almennt gott en þegar kom að námi barnanna vantaði í sumum tilfellum upp á samskipti á milli kennara og foreldra. Í þremur tilfellum upplifðu foreldrar að þeir fengju ekki upplýsingar frá kennara um framvindu í námi barna sinna og kom það ekki í ljós fyrir en á prófi hvar barnið stæði í náminu. Þar þótti foreldrum vanta upp á fagmennsku kennara við að miðla stöðu barnanna til foreldra þeirra og varð þetta til þess að sjálfsmynd barnanna varð verri og þótti þeim erfitt að mæta í skólann þar sem þeim fannst þau vera eftir á í námi. Í skóla C er ekkert heimanám og því er mikilvægt að kennarar komi til móts við námsþarfir nemenda með fagþekkingu sinni.

Margir viðmælenda sögðu að ef barnið hefði heimanám reyndu þeir að hafa fastan tíma um kvöldmatarleytið til að hjálpa því. Að vísu sögðu viðmælendur líka að þetta væri tíminn sem allir væru þreyttir en í raun eini tíminn sem hægt væri að koma heimanáminu að. Stundum væru helgarnar notaðar ef nemendur fengju vikuáætlun með sér heim.

Niðurstöður benda til þess að margir skólar hafi ekki skýra stefnu hvað varðar heimanám en einn skóli í rannsókninni var með beina stefnu; ekkert heimanám. Það kom að vísu á óvart að viðmælendurnir í rannsókninni frá skóla C voru allir á móti heimanámi en þegar skólinn setti stefnu þess efnis að ekkert heimanám ætti að vera breyttist skoðun þeirra þar sem börn nokkurra þeirra drógust aftur úr í námi. Raunin varð að vísu sú að flestir töluðu um að of mikið heimanám gerði það að verkum að bæði foreldrar og börn myndu til vanmáttar og aukins álags. Tvær mæður, hvor frá sínum skóla, sögðu að vísu að drengirnir þeirra væru ánægðir með heimanámið og gerðu það alltaf með bros á vör.

6.2 Samskipti heimila og skóla

Viðmælendur sögðu frá því að samstarf heimila og skóla væri almennt gott. Oftast væri hægt að leita til skóla ef foreldrar þyrftu á að halda og gagnkvæm virðing væri í samskiptum heimila og skóla. Viðmælendur töldu mikilvægt að eiga góð samskipti við kennara og að það skipti máli. Þetta samræmist orðum Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2007, bls. 75) um að gagnkvæm virðing og traust skipti miklu máli, bæði hvað varðar nemendur, kennara og foreldra. Ef foreldrar þyrftu að tala við kennarana varðandi nám barna þeirra þá var það oftast leyst með barnið að leiðarljósi. Þar kemur berlega í ljós að ef foreldrar og skóli vinna saman af gagnkvæmri virðingu og trausti er það barninu fyrir bestu (Áslaug Brynjólfsdóttir, 2007, bls. 107).

Vert er að fjalla um viðhorf viðmælenda til skóla og kennara. Sumum viðmælendum fannst það vera á ábyrgð kennara að fylgjast með samstarfi heimila og skóla og framgöngu barna í námi. Með gagnkvæmri virðingu hjá kennurum, foreldrum og nemendum byggist traust sem hægt er að vinna að með hag og velferð barnsins í fyrirrími. Þar skiptir gagnkvæm upplýsingaöflun og samvinna miklu máli. Foreldrum þótti misbrestur á því, fannst þeir til dæmis ekki fá nægilega góðar upplýsingar um námsstöðu barna sinna, sérstaklega eftir að dregið var úr heimanámi. Ef skólinn á að sinna lagalegum og siðferðilegum skyldum sínum verða kennarar og skóla-stjórnendur að leggja rækt við samskipti heimilis og skóla á breiðum grunni (Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, 2003, bls. 138–139; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 88, 235).

Þegar viðmælendur voru spurðir út í stefnu skólanna kom fram í svörum frá mörgum þeirra að stefna skólanna væri ekki alltaf skýr. Einn hópurinn sagði að vísu að stefna skóla þeirra væri ekkert heimanám. Þegar heimsíður skólanna voru skoðaðar kom í ljós að skóli C var með skýra stefnu um ekkert heimanám. Skóli B talaði um að heimanám væri eðlilegt framhald af vinnu nemenda í kennslustundum og að nemendur lærðu frá upphafi skólagöngu að skila heimavinnu samviskusamlega. Skólinn segir að heimanám sé þroskandi, efli ábyrgð á námi nemenda og foreldrar taki meiri þátt í námi barna sinna. Í skóla A var engin stefna varðandi heimanám.

Á heimasíðu skóla D kom fram að heimanám og heimavinna væru óaðskiljanlegur hluti skólastarfsins. Þar er fjallað um mikilvægi lestrarþjálfunar og að foreldrar hlusti á börn sín lesa á hverjum degi, ræði efnið og sýni námi þeirra áhuga. Skólinn nefnir einnig að margir sérfræðingar tali um að heimavinna skuli vera í lágmarki en skólinn vill hugsa um þarfir einstaklinganna. Foreldrar barnanna í skóla C sögðu að þótt stefna skólans væri skýr mættu kennarar einstaklingsmiða heimanámið betur.

Aðalnámskrá grunnskóla segir að nám þurfi að vera skipulagt út frá forsendum hvers einstaklings á þá vegu að það gefi lífi hans gildi og komið sé til móts við fjölbreyttar þarfir allra barna. Mikilvægt er að nemendamiðaðir kennsluhættir séu vel ígrundaðir og að horft sé í möguleika hvers barns en ekki hindranir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 39, 48, 49 og 51). Ef stefna skóla er að setja ekki fyrir heimanám er mikilvægt að kennarar fylgist með hverjum nemanda í námi og að samstarf heimila og skóla sé gott. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er þess getið að gott samstarf á milli heimila og skóla sé grundvöllur að velferð barna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 45).

Þrír viðmælendur sögðu engin skilaboð hafa borist heim varðandi frammi-stöðu barna þeirra en það kom í ljós eftir próftöku þegar nemendurnir fengu einkunnirnar heim. Í skólanum var stefnan að ekkert heimanám ætti að vera í neinum bekkjum. Þeim fannst kennararnir taka það „of“ alvarlega þar sem þeir fengu ekkert að vita um framgöngu í námi barna sinna frá kennara. Þar sem stefna skólans var ekkert heimanám þá vildu viðmælendurnir fá upplýsingar um börnin sín en fengu engar. Því fannst þeim mikilvægt að þegar ekkert heimanám er sett fyrir að kennarinn sendi skilaboð til foreldra um framgöngu barna þeirra og vinni að bættum samskiptum á milli heimila og

skóla. Olsen og Fuller (2008, bls. 11) fjalla um að bæði skólar og foreldrar þurfi að eiga samstarf sem lið því það sé barninu fyrir bestu.

Ábyrgð á námi nemenda hvílir í höndum foreldra og skóla og því ættu samskiptin að vera góð þar á milli og upplýsingar um nemandann að berast á milli beggja aðila. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum og kennarar þurfa að fylgjast með og bera einnig ábyrgð á nemendum sínum. Nokkrir viðmælendanna sögðu að það væri margt sem vantaði upp á hvað varðar samskipti á milli kennara og foreldra. Ein mamman hafði á orði að dóttir hennar hafi þurft að læra eins og vinnuhestur á meðan sumir krakkarnir fengu að leika sér í tímum ef þau voru búin með dæmin, þetta kom illa niður á stelpunni og varð hún mjög leið. Það varð úr að mamman bað um heimanám fyrir dóttur sína þar sem kennarinn virtist ekki hafa skoðað verkefni nemenda til hlítar. Bennett og Kalish, (2006, bls. 50) segja að þeir kennarar sem eru reynslulitlir eigi það til að leggja of mikla vinnu á nemendur. Þeir eiga jafnvel ekki börn sjálfir og geta því ekki gert sér grein fyrir hversu mikið heimanám megi leggja á nemendur né hafa reynslu til þess að átta sig á magni heimanáms.

Vert er að fjalla um viðhorf viðmælenda til skóla og kennara en það reyndist frekar jákvætt þó sumum finnist það á ábyrgð kennara að fylgjast með samstarfi og framgöngu barna í námi. Með gagnkvæmri virðingu hjá kennurum, foreldrum og nemendum byggist traust sem hægt er að vinna saman að með hag og velferð barnsins í fyrirrúmi. Þar skiptir gagnkvæm upplýsingaöflun og samvinna miklu máli eins og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007, bls. 88, 235) bendir á.

Ein móðir í viðtali frá skóla C talaði um dóttur sína og í hverju hún lenti varðandi kennara og nám barnsins þar sem kennarinn lét foreldrana ekki vita um framgang barnsins þar sem stefna skólans var ekkert heimanám. Barnið var farið að dragast aftur úr í námi en foreldrarnir vissu ekki af því, kennarinn hafði ekkert samband við foreldra né lét þau vita. Önnur móðir í viðtalinu svaraði því að henni fyndist þetta ekki vera góð fagmennska kennara.

Kennarar ættu að láta foreldra vita ef þeir sjá að nemendur eru að dragast aftur úr eða ná ekki að klára verkefnin í skólanum. Fagmennska kennara er misjöfn og ættu þeir að fylgja nemendum eftir. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007, bls. 254) talar um fagmennsku kennara og segir að faglegur kennari sé sífellt að ígrunda markmið sín, gildi og kennsluáðferðir sínar og gagnrýna sjálfan sig til þess eins að bæta sig í starfi. Mismunandi einkenni fagmennsku getur farið eftir stefnum og persónulegum viðhorfum kennara.

6.3 Heimanám og gæðastund

Þegar fjallað er um heimanám nemenda og hvort það sé gæðastund var meirihluti foreldra sammála því að það væri alls ekki gæðastund en væri allt í lagi ef börnin væru vel upplögð. Foreldrar sögðu að þá myndaðist togstreita og börnin væru misupplögð sem og foreldrar, sérstaklega eftir langan vinnudag. Börn og foreldrar eru þreytt eftir daginn, nenna ekki að halda áfram að læra eða foreldrar að sitja yfir börnum sínum. Því getur aðstoð við heimanám valdið meiri togstreitu á milli foreldra og barna, gæðastundum jafnvel fækkað og vanlíðan barna aukist þar sem heimanámið er í höndum foreldra og forráðamanna (Sigurður Hólm Gunnarsson, 2013).

Tvær mæður af 16 viðmælendum sögðu þó að það gæti verið gæðastund, sérstaklega ef allir væru vel upplagðir. Það væri hægt að reyna að búa svo um að hjálpa þeim við lærdóminn svo að ekki yrði neikvæð upplifun af námi barnsins. Í rauninni ætti þetta að vera gæðastund því þetta er svo mikil upplifun af vinnu þeirra en fólk leggur misjafnar áherslur á gæðastund, það sem getur verið gæðastund hjá einum er það kannski ekki hjá öðrum.

Í flestum skólum hafa kennarar fyrirfram ákveðið magn verkefna sem tekin eru af tíma barna seinni part dags. Þar af leiðandi verða margir foreldrar pirraðir þar sem þeir vinna mikið og langar að eyða tíma sínum í gæðastundir með fjölskyldunni en geta það ekki vegna þess að kennarar hafa ákveðið fyrirfram tíma á kvöldin fyrir lærdóm (Kohn, 2006b).

Eins og viðmælendurnir í rannsókninni töluðu um þá er hægt að gera heimanámið að gæðastund ef allir eru vel upplagðir en það er ekki gott ef allir eru þreyttir. Miklu máli skiptir að barnið fái jákvæða upplifun af skólastarfi og öllu sem tengist því en það fær það með góðu samstarfi foreldra og skóla að sameiginlegum markmiðum með þarfir barnsins að leiðarljósi. Eftir langan skóladag er erfitt fyrir fjölskyldur að eiga gæðastund ef heimanám er fyrir hendi. Viðmælendur sögðust gjarnan vilja eiga gæðastundir með börnum sínum en oft væri það ekki hægt, sérstaklega ef heimanámið leiddi til togstreitu eða rifrildis. Þetta ættu að vera bestu ár barnsins og börn ættu að eiga góðar æskuminningar en ekki neikvæðar eða vondar.

Heimanám getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á fjölskyldur og samskipti á milli barna og foreldra. Því er mikilvægt að kennarar taki tillit til þeirra aðstæðna sem nemendur búa við, fylgist með og byggji heimanámið þannig upp að hver og einn fái notið sín í námi (Cooper, 2001, bls. xi).

Flestir viðmælendanna sögðu að heimanám væri alls ekki gæðastund og því væri mikil þörf á því að leyfa nemendum að klára allt námsefni í skólanum. Einn viðmælendanna talaði um að mikilvægt væri að geta tekið á móti börnum sínum strax eftir skóla til þess að láta þau læra heima. Annar viðmælendanna sagði að það væri ekki hægt í mörgum tilvikum þar sem margir foreldrar ráða ekki vinnutíma sínum og eru að vinna allan daginn úti. Seinni partinn eru mörg börn þreytt en heimanámið væri eftir og því væri engin orka eftir hjá hvorki foreldrum né börnum fyrir heimanám. Af þessu leiðir mismunur á milli nemenda þar sem börn hefðu ekki jöfn tækifæri til náms, en heimilisaðstæður væru misjafnar.

Hollande Frakklandsforseti sagði að öll börn ættu að fá jöfn tækifæri til náms en hann vill banna heimanám. Hann segir að nemendur ættu frekar að vinna námið í skólanum heldur en heima og ætti það við um alla. Sem rök fyrir afnámi heimanáms er mismunur á milli nemenda vegna misjafnra heimilisaðstæðna hjá hverju barni fyrir sig (Rosenbaum, 2012).

Viðmælendur sögðu að það væri mikilvægt að fjölskyldan gæti átt gæðastund um kvöldmatarleytið en þegar allir eru þreyttir þá væri engin leið til þess að eiga gæðastund yfir heimanámi. Þeim fannst orðið tímabært að leggja heimanám niður eða lengja jafnvel skóladaginn um einn tíma svo að nemendur næðu að klára allt námsefni í skólanum og eiga frí eftir skóla til þess að fara að leika, fara í tómsundur eða eiga gæðastund með fjölskyldunni.

6.4 Tilgangur og umfang heimanáms

Almennt voru foreldrar á því að heimanám ætti að eiga sér stað ef nemendur næðu ekki að klára verkefni í skólanum. Nokkrir foreldrar voru hlynntir heimanámi en jafnframt frekar óruggir um tilgang þess. Flestir sögðust fylgjast betur með námi barna sinna og fá meiri innsýn inn í hvar börn þeirra stæðu. Í íslenskri rannsókn sem gerð var á miðstigi í grunnskólum kom í ljós að bæði foreldrar og nemendur höfðu nokkuð jákvæð viðhorf til heimanáms. Bar þá skoðun hæst meðal foreldra að heimanám væri vel til þess fallið að þjálfa öguð vinnubrögð og bæta námstækni. Viðmælendur voru ekki sammála tilgangi heimanáms og töldu það meðal annars geta verið til þess að nemendur gleymdu ekki því sem þeir hefðu lært í skólanum eða til þess að þeir hefðu eitthvað fyrir stafni eftir skóla.

Ein móðir talaði um að hún ætti son í afreksíþróttum og færi allur hans tími í þær eftir skóla og því lítill tími fyrir heimanám þar sem hann byrjaði strax eftir skóla í íþróttum. Því má velta fyrir sér hvort skipulögð dagskrá, skóli, tómstundir og vinna, sé ekki nokkuð löng hjá allstórum hópi nemenda. Þetta merkir að þeir eru komnir í þá stöðu sem margir fullorðnir finna fyrir, að nánast allur þeirra tími er skipulagður og lítill tími eftir til að njóta frístunda (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2009).

Önnur móðir sagði að til væru aðrar leiðir til að tengja heimili og skóla en heimanám. Hún bjó í öðru landi þar sem var ekkert heimanám en miklu öflugri samskipti á milli heimila og skóla. Margir foreldrar nefndu að heimanám væri nauðsynlegur undirbúningur fyrir framhaldsskóla og mikilvæg tengsl á milli heimila og skóla. Þó fannst þeim að heimanám ætti frekar heima á unglingastigi heldur en yngsta stigi fyrir utan lestur en hann væri mikilvægur og yki á samskipti í nútímaþjóðfélagi.

Lestur skiptir miklu máli í daglegu lífi og beinist athygli nú að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun í skólastarfi. Lestur er forsenda þess að afla sér þekkingar, þátttöku í samfélaginu og er góð lestrarfærni undirstaða ævináms (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 19, 97 og 99).

Viðmælendur sögðu að lestur væri sérstaklega mikilvægur á þeim tíma þegar nemendur eru að ná lestri og er því stuðningur foreldra nauðsynlegur svo að vel megi til takast. Það ætti að vera eðlilegur gangur í fjölskyldunni og góð samvera á milli foreldra og barna. Einn viðmælenda í rannsókninni nefndi það að honum fyndist lestur vera jafnmikilvægur og að tala því þetta væri samskiptaform sem allir þyrftu að tileinka sér. Hann benti á að samskiptin í dag fara mikið fram í gegnum tölvur, síma og netið og því væri mikilvægt að kunna að lesa og skrifa.

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* er læsi það tjáningaform sem fólk notar til að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta með kunnáttu sinni og færni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 18).

Töluvert hefur verið fjallað um mikilvægi lesturs og ritunar og tengsl þar á milli. Viðmælendur höfðu á orði að þetta væri það mikilvægasta og því væri allt í lagi að fá lesturinn heim. Þegar kemur að lestri barna þá þarf kennari að skipuleggja námsaðstæður í skólstofu og hafa víðtæka þekkingu á því hvaða aðferðir gefast best svo að árangur náist. Fjallað hefur verið um að ábyrgð

kennara liggi í því að gefa foreldrum upplýsingar um hversu mikilvægur lestur er upp á síðari tíma (Guðrún Sigursteinsdóttir, 2007, bls. 8, 20, 50. 77).

Einn viðmælendanna sagði að hún hefði reynslu af því sem kennari að oft væri erfitt að fá foreldra til þess að láta börn sín lesa heima og þyrfti ítrekað að reka á eftir foreldrum og senda skilaboð heim. Hún sagði að barnið hennar læsi fjórum til fimm sinnum í viku heima en samt væri það á undan mörgum börnum í bekknum hvað varðar lesturinn.

Foreldrar sem styðja börn sín í námi þeirra geta haft verulega mikil og jákvæð áhrif á árangur þeirra og eru líklegri til þess að tryggja námsárangur þeirra. Rannsóknir sýna ítrekað að þátttaka foreldra í samstarfi við skóla sé mjög árangursrík og einn helsti þáttur þess að tryggja nemendum betri afköst í námi (Good og Brophy, 2010, bls. 330; Harris, Andrew-Power og Goodall, 2010, bls. Xi og 3).

Margir viðmælendanna í rannsókninni fjölluðu um að það færi alltof mikill tími í heimanám. Nemendur væru misjafnir og þar af leiðandi mislengi að vinna. Ein móðirin talaði um að kannski væri vert að skoða út frá getu einstaklingsins hversu lengi hann er að vinna og takmarka tímann í staðinn fyrir magnið. Kohn (2006b) segir að mikilvægt sé að draga úr magni heimavinnu og ákveða frekar hversu mikill tími ætti að fara í heimavinnu svo að börn eyði ekki megininu af frítíma sínum í heimanám. Magnið er samt ekki það eina sem þarf að einblína á, sum verkefni eru jafnvel ekki þess virði að eyða tíma í. Einn viðmælendanna sagði að enginn vildi vera síðastur ef út í það væri farið því öll værum við svona smá keppnisfólk og því vildi enginn vera síðastur með námið. Því væri nauðsynlegt að koma til móts við alla nemendur og setja raunhæf markmið til þess að mæta þörfum allra nemenda í samstarfi við kennara, foreldra og nemendur.

Ekki hafa rannsóknir snúist um gæði né hlutverk heimavinnu heldur tengsl á milli magns og einkunna prófa. Skilgreining heimavinnu hefur ekki alltaf verið ljós né hvaða tilgangi hún þjóni. Tilgangur heimanáms virðist oftast sá að æfa nemendur, undirbúa þá fyrir næsta bekk, hlúa að eiginleikum hvers og eins, efla ábyrgð og sjálfstæði sem og samskipti við heimilin. Það er því vandmeðfarið hversu mikilli viðbót við kennslu í kennslustofunni skuli úthlutað til nemenda (Burden og Byrd, 2013, bls. 140–141; Kilpatrick, Swafford og Findell, 2001, bls. 352 – 353).

6.5 Tómstundir og heimanám

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvort heimanám hafi hamlandi áhrif á tómstundir barna þeirra þá virðist sem heimanám hafi meiri áhrif í stærra samfélagi heldur en minna. Viðmælendurnir töluðu um að stundum rækist heimanám á tómstundir barna þeirra og gæti þar af leiðandi skapað togstreitu. Heimanám ætti því ekki að vera sett fyrir nema í þeim tilvikum sem það er nauðsynlegt (Kohn, 2006b).

Ef nemendur eiga að læra heima eftir skóla er mikilvægt að foreldrar aðstoði barnið við að skipuleggja daginn með tilliti til áhugasviðs og frítíma sem og að veita því stuðning. Þegar foreldrar vinna báðir fullan vinnudag getur verið erfitt að skipuleggja og finna tíma fyrir heimalærdóm. Foreldrar nefndu það líka að skólinn í dag væri lengri en áður fyrr, þegar þau voru ung og fleiri tómstundir í boði í dag.

Börn eru í skólanum allan fyrri part dags, hafa mismunandi kennara í hverju fagi þar sem hver og einn leggur fyrir heimanám og þurfa því oft en ekki að taka námið með sér heim. Vinnuvika nemenda getur því orðið lengri en hjá fullorðnu fólki, sérstaklega ef börnin þurfa til dæmis að ferðast langa leið í og úr skóla með skólabíl, stunda íþróttir eða aðrar tómstundir með skóla auk þess sem þau þurfa þá að bera með sér þungar skólatöskur (Bennet og Kalish, 2006, bls. 15–16).

Fram kom í viðtalinu að ef foreldrar væru jafnvel með þrjú börn eða fleiri í grunnskóla og öll þyrftu að læra heima, væru í einhverjum tómstundum ásamt því að foreldrar vinna fullan vinnudag þá getur verið strembið að reyna að púsla öllu saman. Vatterott tekur undir þetta og segir að á heimilum þar sem foreldrar þurfa að vinna allan daginn úti þá geti það orðið til þess að foreldrum mistakist frekar við að aðstoða börn sín við heimavinnuna. Þetta getur orðið til þess að skapa meiri togstreitu hjá mörgum fjölskyldum (Vatterott, 2009, bls. 2). Einnig má velta fyrir sér hvort skipulögð dagskrá, skóli, tómstundir og vinna, sé ekki nokkuð löng hjá allstórum hópi nemenda. Þetta merkir að þeir eru komnir í þá stöðu sem margir fullorðnir finna fyrir, að nánast allur þeirra tími er skipulagður og lítill tími eftir til að njóta frístunda (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2009).

Einn viðmælendanna sagði að ef barnið fengi heimanám tvisvar í viku eða möppu sem það ætti að vinna upp á einni viku þá væri hægt að hagræða því

Þannig að heimanámið rækist ekki á tómsundur né frítíma barnanna. Annar sagði að það væri líka spurning hvort að börnin væru tilbúin að læra þegar foreldrarnir væru tilbúinir, þau væru jafnvel búin að ákveða eitthvað annað í frítíma sínum en þá þyrftu þau að læra heima. Þetta gæti valdið togstreitu á milli foreldra og barna.

Framsæknir kennslufræðingar eins og John Dewey og Calvin S. Hall víkkuðu umræðu um heimanám og fjölluðu meðal annars um gildi leiks og frítíma nemenda. Þeir höfðu jafnframt áhyggjur af því að heimanám væri innrás í fjölskyldulíf fólks (Kralovec, 2007).

Nokkrir viðmælendur nefndu það að þeir leyfðu sínum börnum ekki að leika úti eftir kvöldmat og þegar skólinn er þetta langur yfir daginn, svo kemur heimalærdómur og tómsundur þá væri lítill sem enginn tími til þess að leika sér og njóta þess að vera með vinum sínum.

Þegar barn er að vinna ákveðin verkefni er mikilvægt að tímarammi sé skýr. Þar má nefna heimanámið en það er kjörið dæmi um verk sem gott er að setja niður í skýran tímaramma sem fylgja skal eftir að fullu (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls. 176–177).

Margir viðmælendur voru sammála því að heimanámið gæti valdið togstreitu hjá fjölskyldum. Þegar börnin ættu að mæta í einhverjar tómsundur, íþróttir, tónlistaskóla eða eitthvað annað þá væri orðið brjáláð að gera og þetta væri bara allt of mikið.

Kohn hefur fjallað um áhrif heimanáms á nemendur og foreldra en það virðist geta haft neikvæð áhrif á báða aðila. Heimanám getur aukið streitu hjá börnum vegna álags og þar af leiðandi verða samskipti oft neikvæð á milli foreldra og barna. Hann segir einnig, sem dæmi, að þegar háskólanemar þurfi að vinna mikið af verkefnum heima finni þeir fyrir kvíða, angist, þunglyndi og öðrum neikvæðum streitueinkennum sem börn sýna frekar með gráti og gnístran tanna (Kohn, 2006a, bls. 10–11).

7. Ályktanir og lokaorð

Megintilgangur rannsóknarinnar var að skoða heimanám grunnskólabarna og samskipti á milli foreldra og skóla út frá því. Rannsakandi vildi skoða sýn foreldra á heimanám og hvort þeim þyki það hafa raunverulegt gildi í núverandi menntakerfi þar sem grunnskóli hefur lengst töluvert á undanförunum árum. Rannsakandi reyndi að ná fram umræðum um það hvort hægt væri að fara aðrar leiðir við uppbyggingu betra samstarfs og til aukinnar tengslamyndunar heimila og skóla, ef ekki með heimanámi. Ekki komu þó fram neinar tillögur, enda rannsókninni ekki ætlað að finna þær.

Upplifun rannsakanda var sú að skoðanir foreldra voru skiptar. Hluti þeirra taldi sig aðeins geta fylgst með gengi barna sinna í gegnum heimanámið en einnig kom í ljós að hluti foreldra telur að hægt sé að beita öðrum aðferðum. Með þessari rannsókn er von rannsakanda að ný umræða um heimanám grunnskólabarna komi upp á yfirborðið og að hægt verði að finna aðrar hugmyndir að innleiðingu foreldra til frekari eftirfylgni. Einnig þykir rannsakanda vert að skoða hversu miklum tíma nemendur eyða í skóla og heimanám á degi hverjum.

Sú sýn sem foreldrar, kennarar, skólastjórnendur og samfélagið hafa á heimanámi er í raun orðin goðsögn sem margir þora ekki að viðurkenna því „þetta hefur alltaf verið svona“.

Til þess að sem mestur ávinningur náist þurfa allir að vinna að því sem barninu er fyrir bestu. Ef kennarar beittu fagmenntun sinni og foreldrar sérfræðiþekkingu sinni og innsæi á börnum sínum ætti að vera hægt að finna aðrar leiðir barninu til heilla. Samvinna þessara aðila getur leitt til betri árangurs grunnskólabarna, betri upplifunar þeirra á námi, jákvæðara náms- og starfsumhverfi og árangursríkari lausna nútíma heimilum til góða án þess að slíta í sundur langa vinnudaga nemenda og foreldra.

Viðmælendur höfðu á orði að eftir langa daga í skóla væru börn þeirra þreytt og því erfitt að fá þau til þess að læra heima auk þess sem foreldrar væru líka þreyttir eftir sína vinnu. Með mikilli inniveru, kyrrsetu og bókarýni verða börnin óróleg, þreytt og pirruð og þurfa hreyfingu og útiveru

samkvæmt læknum. Því er umhugsunarvert hvort heimanám dragi hreinlega úr námsáhuga nemenda vegna slæmrar upplifunar á því.

Í skólum starfa fagaðilar til aðstoðar börnum og þurfa þeir að vinna með foreldrum að sameiginlegu markmiði með barnið að leiðarljósi. Foreldrar gætu hugsanlega leitað meira til þessara fagaðila og þeir unnið í sameiningu að lausn með samþykki barnsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar segja okkur að flestir foreldrar telji heimanám mikilvægt í samstarfi heimila og skóla en ekki vegna náms barnsins. Hægt er að fara aðrar leiðir til þess að styrkja samstarf heimila og skóla og vinna að bættem samskiptum öðrum en með heimanámi. Finna út hvað er í boði sem hægt væri að vinna með í samstarfi kennara, annarra fagaðila í skólum, foreldra og jafnvel nemenda. Heimanám er hluti af skólustarfinu í flestum tilvikum og því er mikilvægt að kennarar einstaklingsmiði heimanámið hverju sinni, uppfylli þarfir nemandans og auki á foreldrasamstarf. Viðmælendur sögðu að börn þeirra væru flest í íþróttum eða öðru tómstundastarfi og því rækist heimanámið á frítíma barnanna eða þann tíma sem fjölskyldan væri búin að ákveða að verja saman. Af þessu leiðir mikil togstreita á heimilum þar sem börn eru þreytt, vilja fara út að leika eða gera eitthvað annað.

Ef heimanám þarf að vera fyrir hendi væri vert að skoða óhefðbundið heimanám þar sem nemendur skipuleggja starf með fjölskyldunni, fara út og mæla hluti, teikna eða taka til í herberginu sínu.

Við þessa ritgerðavinnu hefur rannsakandi komist að þeirri niðurstöðu að heimanám sé til þess að dýpka þekkingu nemenda á því sem þeir lærðu í skólanum. Heimanám ætti því að vera til staðar í þeim tilvikum sem þörf er á og ekki mismuna nemendum með neinum hætti. Foreldrar vilja vera þátttakendur í námi barna sinna og margir vilja fá heimanám upp að vissu marki þar sem þeim finnst þeir geta fylgst betur með námi þeirra. Einnig vilja foreldrar reyna að láta börn sín læra strax eftir skóla en ekki er alltaf hægt að koma því við. Mörg börn eru þreytt eftir langan dag og einbeitingin lítil sem engin þegar líða tekur að kvöldi. Börn þurfa stuðning foreldra á skólagöngu sinni og sögðu foreldarnir í rannsókninni að þeir vildu vera meðvitaðir um hvað börn þeirra læra og vildu fylgjast með verkefnum þeirra.

Margir foreldrar sögðu að þeir gætu ekki aðstoðað börn sín við heimanámið þótt þeir vildu því að námið væri svo mikið breytt frá því þeir voru ungir eða þeir væru jafnvel búnir að gleyma því. Nokkrir sátu langan

tíma með börnum sínum til þess að reyna að skilja námsefnið og aðstoða börn sín og færi mikill tími í yfirsetu vegna heimanáms. Þegar foreldrar telja sig ekki geta aðstoðað börn sín er mikilvægt að þeir hafi samband við kennara og fái aðstoð, margir gerðu það og töldu sig hafa fengið jákvæð viðbrögð frá kennurum.

Samstarf foreldra og skóla er mikilvægur þáttur í námi barna, eins og fram hefur komið og hefur þessi rannsókn sýnt fram á að vilji foreldra er fyrir hendi. Þegar upp er staðið hefur heimanám verið við lýði í fjöldamörg ár en virðist sem stór hluti foreldra sé hræddur við að leggja það niður því þá telja þeir tengsl heimila og skóla skerðast. Þá standa uppi vangaveltur um hvort heimanámið sé ekki orðin hefð sem þurfi á einhvern hátt að breyta eða bæta í takt við nútímasamfélag.

8. Heimildir

- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009). Tíminn eftir skólann skiptir líka máli. Um tólmstundir nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla. *Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Áslaug Brynjólfsdóttir. (2007). „Við þekkjum börnin okkar best“. Hafa foreldrar þau áhrif sem þeir vildu á skólastarf og á hvað leggja þeir áherslu í samstarfi við skólann? Í Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstjórar), *Þekking – þjálfun – þroski. Greinar um uppeldis- og fræðslumál. Delta Kappa Gamma – 30 ára afmælisrit* (bls. 107–118). Reykjavík: Delta Kappa Gamma – Félag kvenna í fræðslustörfum.
- Bennet, S. og Kalish, N. (2006). *The case against homework. How homework is hurting children and what parents can do about it*. New York: Three Rivers Press.
- Bennett, S. (2007). A parents perspective on homework. *Teacher Colleege Record*, 20(4), 11–13. Sótt 20. febrúar af: http://people.hofstra.edu/Esther_Fusco/ENC204view.pdf#page=24
- Birna María Svanbjörnsdóttir. (2007). Vilja foreldrar stuðning í foreldrahlutverkinu? *Uppeldi og menntun*, 16(2), 95–115.
- Brock, C. H., Lapp, D., Flood, J., Fisher, D., Han, K., T. (2007). Does homework matter? An investigation of teacher perceptions about homework practices for children from nondominant backgrounds. *Urban Education*, 42(4), 349–369.
- Burden, P. R. og Byrd, D. M. (2013). *Methods for effective teaching. Meeting the needs of all students* (6.útgáfa). Boston: Pearson.

Canadian council on learning. (2009). *A systematic review of literature examining the impact of homework on academic achievement*. Sótt 18. mars 2014 af: http://www.ccl-cca.ca/pdfs/SystematicReviews/SystematicReview_HomeworkApril27-2009.pdf

Choen, L., Manion, L. og Morrison, M. (2005). *A guide to teaching practice* (5. útgáfa). New York: Routledge.

Cooper, H. (1989). Synthesis of research on homework. Grade level has a dramatic influence on homework's effectiveness. *Educational Leadership*, 47(3), 85–91. Sótt 20. mars 2014 af: http://www.ascd.org/ASCD/pdf/journals/ed_lead/el198911_cooper.pdf

Cooper, H. (2001). *The battle over homework: Common ground for administrators, teachers and parents* (2. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Corwin Press.

Cooper, H. (2007). *The battle over homework. Common ground for administrators, teachers and parents* (3.útgáfa). Thousand Oaks, CA: Corwin Press.

Creswell, J.W. (2012). *Educational research. Planning, conducting, and evaluating quantitative and qualitative research* (4. útgáfa). Boston: Pearson.

Cushman, K. (2010). Show us what homework's for. Students sound off on why homework doesn't work and how that might change. *Educational Leadership*, 68, 74–78. Sótt 10.09.2013 af: <http://web.a.ebscohost.com/ehost/detail?sid=31244ec2-9f00-40d2-ad4c-f723ebac2e55%40sessionmgr4003&vid=6&hid=4212&bdata=JnNpdGU9ZWWhvc3QtbG12ZQ%3d%3d#db=aph&AN=53491087>

Edelstein, W. (2008). *Skóli – Nám – Samfélag*, Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Epstein, J. L. (2001) *School, family, and community partnership: Your handbook for action*. Boulder, CO: Westview Press. Sótt 12. janúar 2014 af:
<http://mltei.org/cqn/Adolescent%20Development/Resources/Parent%20Involvement%20in%20Schools/Epstein,%20SCHOOL,%20FAMILY,%20and%20Community%20Partnerships--Preparing%20Educators%20and%20Improving%20Schools.pdf>
- Epstein, J. L. (2002). School, family and community partnerships: Caring for the children we share. Í J. L. Epstein, M. G. Sanders, B. S. Simon, K. C. Salinas, N. R. Jansorn og F. L. Van Voorhis (ritstjórar), *School, family and community partnerships: Your handbook for action* (2. útgáfa). (bls. 5–30). Thousand Oaks: Corwin Press.
- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4.útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gill, B. P. og Schlossman, S. L. (2000). The lost cause of homework reform. *American Journal of Education*, 109, 27–62.
- Gill, B. P. og Schlossman, S. L. (2004). Villain or Savior? The American discourse on homework. *Theory Into Practice*, 43(3), 174–181.
- Good, T. L. og Brophy, J. E. (2008). *Looking in classrooms* (10. útgáfa). Boston, MA: Pearson Education.
- Gossen, D. (2007). *Uppeldi til ábyrgðar*. (2. útgáfa). (Magni Hjálmarsson þýddi). Álftanes: Útgáfufélagið Sunnuhvoll.
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007). Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga. *Netla: Vefúmarit um uppeldi og menntun*. Sótt 1. febrúar 2014 af:
<http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>

- Guðrún Kristinsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2005). Glíman við rannsóknaráætlanir. *Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 18. febrúar 2014 af: <http://netla.hi.is/greinar/2005/005/index.htm>
- Guðrún Sigursteinsdóttir. (2007). *Bernskulæsi – lestrarerfiðleikar : Þekking sem brúar bilið*. Óbirt meistaraþrófsritgerð. Kennaraháskóli Íslands. Sótt 22. mars 2014 af: <http://skemman.is/handle/1946/1445>
- Gunnar E. Finnbogason. (2010). Samfélag – skóli – einstaklingur: Helstu uppeldis- og menntahugmyndir John Dewey. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði* (43–55). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundar.
- Harris, A., Andrew-Power, K. og Goodall, J. (2010). *Do parents know they matter? Raising achievement through parental engagement*. London: Continuum International.
- Hattie, J. (2012). *Visible learning for teachers: Maximizing impact in learning*. London: Routledge.
- Heckmann, H. og Gjerding, M. R. (2011). Opvæksten drukner i vækst. *Information: Kaupmannahöfn. Dagbladet Information*. Sótt 3. mars, 2014 af: <http://www.information.dk/278502>
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hermann Óskarsson. (2000). *Aðferðafræði félagsvísinda: Undirbúningur rannsókna, framkvæmd og skýrslugerð*. Reykjavík: Iðnú.

- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2006). *Árangursríkt samstarf. Þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla*. Óbirt meistaraþrófsritgerð. Háskólinn á Akureyri.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Að mörgu er að hyggja: Handbók um undirbúning kennslu*. Reykjavík: Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2005). Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök... *Uppeldi og menntun*, 15(2), 9–31.
- Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2002). *Aukin gæði náms, skóli sem lærir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Katrín Jakobsdóttir. (2013). *Skóli margbreytileikans og stoðkerfi skóla*. Menntamálaráðuneyti. Ræður og greinar ráðherra. Sótt 2. febrúar 2014 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/2013/03/11/nr/7502>
- Kilpatrick, J., Swafford, J. og Findell, B. (2001). *Editors, adding it up, helping children learn mathematics. Mathematics learning study committee*. Washington, DC: National Academy Press.
- Kohn, A. (2006a). *The homework myth: Why our kids get too much of a bad thing*. Cambridge: Da Capo Lifelong.
- Kohn, A. (2006b). The truth about homework: Needless assignment persist because of widespread misconception about learning. *Education Week*, 6, 42–52. Sótt 10. mars 2014 af: <http://www.edweek.org/ew/articles/2006/09/06/02kohn.h26.html>
- Kralovec, E. (2007). A brief history of homework. *Encounter. Education for meaning and social justice*. Vermont: Psychology Press.
- Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson. (2003). Samskipti heimilis og skóla, forsendur, umfang og leiðir. Í Börkur Hansen, Ólafur H.

Jóhannsson og Steinunn H. Lárusdóttir (ritstjórar), *Fagmennska og forysta* (bls. 137–155). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Loftur Guttormsson. (ritstjóri). (2008b). *Skólahald í bæ og sveit 1880 – 1945*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Margrét Pála Ólafsdóttir. (2011). *Uppeldi er ævintýri*. Reykjavík: Bókafélagið.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti 2011 - Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Mörður Árnason. (Ritstj.) (2005). *Íslensk orðabók A – L*. Reykjavík: Edda.

Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen.

Nelsen, J., Duffy, R., Escobar, L., Ortolano, K., og Owen–Sohocki, D. (1996). *Positive discipline: A teacher's a–z guide*. Rocklin, CA: Prima Publishing.

OECD. (1999). *Measuring students knowledge and skills: A new framework for assessment*. Sótt 21. mars 2014 af: <http://www.oecd.org/dataoecd/45/32/33693997.pdf>

- Olsen, G. og Fuller, M. L. (2008). *Home–school relations: Working successfully with parents and families* (3. útgáfa). New York, NY: Pearson.
- Patall, E. A., Cooper, H. og Robinson, J., C. (2008). Parent involvement in homework: A research synthesis. *Review of educational research*. 78(4) 1039 – 1101. Aera: Duke University
- Phetdee, W., (2009). How Finland leads the world in education. *The Nation*. Sótt 8. maí af:
http://www.nationmultimedia.com/2009/09/28/national/national_30113177.php
- Resnik, D. B. (e.d.). *What is ethics in reseach & why is it important?* Sótt 10. janúar 2014 af:
<http://www.niehs.nih.gov/research/resources/bioethics/whatis/>
- Rosenbaum, M. (2012). French president proposes banning homework: *Abc News. Internet Ventures*. Sótt 22. apríl af:
<http://abcnews.go.com/blogs/headlines/2012/10/french-president-proposes-banning-homework/>
- Rósa Eggertsdóttir, Grétar L. Marinósson (ritstjórar), Sigalés, C., Ingibjörg Auðunsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, Pacheco, J., Wilhelm, M. og Þóra Björk Jónsdóttir. (2002). *Bætt skilyrði til náms: Starfsþróun í heiltæku skólastarfi*. (Rúnar Sigþórsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rúnar Sigþórsson (ritstjóri), Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, (2005). *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rúnar Sigþórsson og Rósa Eggertsdóttir (2008). Skólaþróun og skólamenning. Í Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* (B. II, bls. 294–311). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Santrock, J. W. (2008). *Life-span development* (11. útgáfa). Boston. McGraw – Hill International.
- Sapon-Shevin, M. (2007). *Widening the circle. The power of inclusive classrooms*. Boston: Beacon Press.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.
- Sigurður Hólm Gunnarsson. (2013). *Heimalærdómur barna er gagnslaus og jafnvel skaðlegur*. Greinar. Málefni barna. Menntamál. Sótt 3. mars 2014 af: <http://skodun.is/2013/08/16/heimalaerdomur-barna-er-gagnslaus-og-jafnvel-skadlegur/>
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219–236). Háskólinn á Akureyri.
- Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85–99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

UNESCO. (2009). *Policy guidelines on inclusion in education*. París: United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. Sótt 26. febrúar 2014 af: <http://unesdoc.unesco.org/images/0017/001778/177849e.pdf>

Vatterott, C. (2009). *Rethinking homework: Best practices that support diverse needs*. Alexandria, VA: ASCD.

Vorhees, S. (2011). Why the dog eats Nikkis's homework: Making informed assignment decisions. *The Reading Teacher*, 64(5), 363–367. Sótt 26. febrúar af: <http://connection.ebscohost.com/c/articles/58771213/why-dog-eats-nikkis-homework-making-informed-assignment-decisions>

Watson, L. (2012). New French president plans to ban homework because it's not fair on poor kids': *Mail online. Associated Newspapers Ltd*. Sótt 19. apríl af: <http://www.dailymail.co.uk/news/article-2218820/Sorry-kids-France-President-Hollande-plans-ban-homework-education-reforms.html>

Willisher, K. (2012). French parents to boycott homework. Children would be better off reading a book rather than doing tasks at home which are useless and tiring, says group: *The Guardian. UK edition*. Sótt 22. apríl af: <http://www.theguardian.com/world/2012/mar/26/french-parents-boycott-homework>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Staðfesting frá persónuvernd.....	74
Fylgiskjal 2 Kynningarbréf um rannsóknina til viðmælanda.....	75
Fylgiskjal 3 Spurningarammi til foreldra.....	82

Fylgiskjal 1. Staðfesting frá persónuvernd

Díana Erlingsdóttir



Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
vefvang: personuvernd.is

Reykjavík 8. mars 2014
Tilvísun: S6729/2014/ TS/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttækið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S6729/2014 og fylgir afrit hennar hjálägt.

Vakin er athygli á því að tilkynningin hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllt,


Teitur Skúlason

Hjál.: - Tilkynning nr. S6729/2014 um vinnslu persónuupplýsinga.

Fylgiskjal 2. Kynningarbréf um rannsóknina til viðmælenda

Ritgerð mín mun fjalla um heimanám og viðhorf foreldra til þess. Langar mig að kanna viðhorf foreldra til heimanáms og tengja við þau fræði sem ég er með um heimanám. Allar upplýsingar er koma fram í könnuninni eru trúnaðarmál og engin nöfn munu koma fram.

Ágæti viðtakandi:

Ég undirrituð, Díana Erlingsdóttir, er í framhaldsnámi við Hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Ég er að vinna að 30 eininga meistara-prófsritgerð sem lögð er fram sem hluti af námi til M.Ed. gráðu í menntunarfræðum. Ég mun rannsaka reynslu og upplifun foreldra af heimanámi barna þeirra. Leiðsagnakennarinn minn er Guðmundur Engilbertsson lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Aðferðin sem ég mun nota eru rýnihópaviðtöl sem ég mun taka við foreldra. Rýnihópaviðtöl er eigindleg rannsóknaraðferð sem notuð eru til þess að öðlast betri skilning á viðhorfum foreldra til heimanáms. Með þessari rannsókn verður leitast við að sýna fram á tengsl heimanáms við tómsundur, frítíma og tilgang og hvort það hafi áhrif á framgöngu nemenda og hvernig samstarfi heimilis og skóla er háttað. Einnig mun ég leitast við að skoða hvernig þátttöku foreldra er háttað og hver þáttur kennara er í þessu samspili. Markmiðið er að skoða hvort heimanám geri gagn eða ekki og tel ég skoðun foreldra mikilvæga.

Ég tel að það þurfti að rannsaka þetta viðfangsefni betur þar sem litlar rannsóknir hafa komið fram á íslenskum vettvangi og því ákvað ég að gera rannsóknarskýrslu varðandi heimanám á Íslandi.

Allar upplýsingar sem þátttakendur veita í viðtölunum, verða meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu reglum um trúnað og nafnleynd og farið að íslenskum lögum varðandi persónuvernd, vinnslu og eyðingu frumgagna. Rannsóknargögn verða varðveitt á öruggum stað á meðan á rannsókn stendur. Frumgögnum, ljósritum, hljóðupptökum og tölvugögnum verður eytt að rannsókn lokinni. Niðurstöður rannsóknarinnar verða allar ópersónugreinanlegar. Ég reikna með að viðtalið sjálf taki um 60 mínútur.

Um mig: Ég er 42 ára Ísfirðingur en bý í Bolungarvík, er í sambúð og þriggja barna móðir. Ég hef starfað sem stuðningsfulltrúi, kennari, á leikskóla og sjúkraliði en ég er einnig sjúkraliði að mennt. Ég hef því góða reynslu sem

umönnunaraðili, bæði á sjúkrahúsum, öldrun og heima hjá mér þar sem ég á langveikt barn. Ég hef sjálf verið í þeim sporum að aðstoða börn mín við heimanám með misjafnri reynslu og þekki því upplifun og reynslu foreldra á heimanámi barna sinna.

Fylgiskjal 3 Spurningarammi til foreldra

1. Menntun?
Grunnskólapróf – framhaldsskólapróf – háskólapróf – iðnmenntun, annað?
2. Hvert er starf þitt?
3. Hversu mörg börn átt þú/eru á þínu framfæri í grunnskóla?
4. Í hvaða bekk er barn þitt/börn þín?
5. Þarf/þurfa barn þitt/börnin þín að læra heima?

Rannsóknarspurningin?

1. **Hver eru viðhorf ykkar til heimanáms? Fá viðbrögð foreldra... umræður...**
2. **Er heimanám mikilvægt til þess að efla samstarf?**
 - Telur þú heimanám efla samstarf á milli heimila og skóla?
 - Telur þú heimanám efla samstarf á milli foreldra og skóla?
 - Telur þú að heimanám muni styrkja samband á milli foreldra og barna eða telur þú að það muni frekar leiða til erfiðleika?
3. **Hvaða skoðun hefur þú á heimanámi?**
 - Telur þú að barn/börn þitt/þín komi til með að ná meiri árangri í námi ef heimanám er fyrir hendi?
 - Ætti heimanám að vera fastur liður alveg frá skólabyrjun eða á það betur heima t.d. á unglíngastigi en yngsta stigi?
 - Ef barnið þitt/börn þín þarf/þurfa að læra heima, hvernig gengur að hjálpa því/þeim?
4. **Telur þú heimanám vera mikilvægt fyrir nám almennt ?**
 - Telur þú heimanám vera gæðastund?

- Eflir heimanám áhuga barns/barna þíns/þinna á námi eða letur það/pau?
- Finnst þér heimanám þjóna tilgangi?
- Finnst þér heimanám skila sér í betri námsárangri barns þíns/barna þinna?

5. Telur þú þig geta aðstoðað barn/börn þitt/þín heima í námi þess/þeirra?

- Hvað fer langur tími í heimanám á viku á þínu heimili?
- Finnst þér barn/börn þitt/þín skilja þig þegar þú útskýrir verkefni þess/þeirra?
- Finnst þér munur á heimanámi nú og þegar þú varst í grunnskóla? Hvernig þá?
- Veitir skólinn þér aðstoð við að aðstoða barn/börn þitt/þín við heimanám?

6. Hvernig telur þú að viðhorf barns þíns/barna þinna sé til heimanáms?

- Hefur þú kynnt þér hvort skólinn þinn sé með stefnu varðandi heimanám?

7. Hvaða vægi hefur heimanám þegar kemur að samstarfi heimilis og skóla?

- Telur þú heimanám efla samstarf á milli heimila og skóla?
- Telur þú að heimanám muni styrkja samband á milli foreldra og barna eða telur þú að það muni frekar leiða til erfiðleika?
- Veldur heimanám auknu stressi innan fjölskyldunnar?

10. Rekst heimanámið á frístundir eða tómstundastarf barnsins/barnanna eða tíma sem fjölskyldan myndi vilja nota öðruvísi?

- Finnst þér að heimanám ætti að vera inni í skólanum sem og frístundir? Þar af leiðandi klárar barnið/ börnin allt áður en það/þau kemur /koma heim?
- Er togstreita á milli frístunda og heimanáms?
- Myndir þú sem foreldri vilja eyða tímanum frekar í fjölskyldustund með barni/börnum þínu/þínum heldur en heimanám?

Ein spurning í lokin.

11. Finnst þér lenging skóla síðustu árin draga úr þörf fyrir heimanám?

